

Brímfaxi



Eru fiskveiðikerfin svikin vara?

Jón Kristjánsson rekur gang þorskveiða héraendis og við nokkur Evrópulönd

bls: 6



Kjærnested vissi ekkert af þessu

Framkvæmdastjóri SFS telur þjóðina ekki geta átt neitt. Í alvöru?!

bls: 20



ekki er allt sem sýnist

Skoðanir almennings á Nýja Sjálandi svipaðar og héraendis á kvótakerfinu

bls: 24

Tímarit Landssambands smábátæigenda 2. tbl. 2016

„Smábátæigendur verða að átta sig á því að eina vörn þeirra gagnvart ofríki stjórnvalda og stórútgerðarinnar er samstaða“

Axel Helgason

formaður Landssambands smábátæigenda

VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



Heimilið
Lif- og heilsa
Bíllinn
Reksturinn

Einu sinni höfðu allir hlutir verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjólgar renna þeir saman í eina stóra heild. Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. Skoðuðu þitt dæmi með reiknivél Varðar á vordur.is

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

 vörður



Efnisyfirlit

Leiðari, Axel Helgason	2
Eru fiskveiðikerfin svikin vara?	6
Ákvörðun um heildarafla, Örn Pálsson	14
Hefði Guðmundur Kjærnested ekki átt að vita af þessu?	20
Nýja Sjáland og Ísland	24
Fróðleiksmolar um Nýja Sjáland	31
Nýkjörinn formaður Landssambands smábátaeigenda, viðtal	32
Hljómar þetta kunnuglega? Frá Alaska	42
Frá ritstjóra	44
Verkefnið DROPI	48
Ritstjórnarstefna Brimfaxa	54

Útgefandi: Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Axel Helgason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Nína. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang arthur@smabatar.is **Forsíðumynd:** Arthur Bogason. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1300 eintök.



Nýtum sérstöðu smábátaflotans

Leiðari

Landssamband smábátæigenda hefur í rúma þrjá áratugi staðið vörð um hagsmuni smábátaútgerðarinnar með miklum sóma. LS nýtur velvildar meðal almennings og flestir stjórnámálamein skilja hversu mikilvægt er fyrir sjálfsvitund þjóðarinnar og sjálfbæra byggðastefnu að hafa öflugna smábátaútgerð hringinn í kringum landið.

En við höfum líka stjórnámálamein sem virðast stýrast af skammsýnni sérhagsmunagæslu og hika ekki við að láta frá sér yfirlýsingar sem varpa glögglega ljósi á hverra hags þeir eru að gæta.

Fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson sagði í viðtali á Sprengisandi 25. september síðastliðinn:

„að vera með 120 báta, vélar, karla og konur kannski líka, við að veiða það sem hægt

væri að veiða á einum línubát.“ Í framhaldi talaði hann um að auka framleiðni og „að fá eitthvað meira úr öllu þuðinu hérna í þessu landi.“

Veltum fyrir okkur fyrir hverju hann er að tala. Vill Bjarni meiri samþjöppun veiðiheimilda í minna kerfinu og að þessir 120 bátar fari í ferðamannabransann eða úrelldingu?

Bjarni er í forsvari fyrir flokk sem kennir sig við einstaklingsframtakið. Ef eitthvað einkennir strandveiðarnar, þá er það framtak hvers og eins til að bjarga sér.



Fiskifélag Íslands



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Brimfaxi



Aðilarfélög Landssambands smábátæigenda senda félagsmönnum sem og landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi
Smábátafélag Reykjavíkur
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum
Félag smábátæigenda á Austurlandi
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra
Smábátafélagið Strandir
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Drangey - Smábátafélag Skagafjarðar



Axel Helgason telur smábátæigendur eiga sterk sóknarfæri á sölumörkuðum

Á nýliðinni makrílvertíð sannaðist hvers smábátar eru megnugir. 49 bátar tóku þátt í veiðunum og aflinn varð tæp 9.000 tonn - að meðaltali 175 tonn á bát. 44% af þessum 9.000 tonnum voru aflaheimildir leigðar af þeim sem ákváðu að hefja ekki veiðar.

Það er ljóst að smábátaflotinn fékk ekki sanngjarn tækifæri til að mynda aflareynslu áður en makríllinn var settur í kvóta. Nokkrir af þeim sem fengu hæstu úthlutanirnar telja sig ekki lengur eiga samleið með Landssambandinu. Það er miður. Í þeim hópi eru öflugir baráttumenn sem ættu að eiga áfram góða samleið með félaginu í baráttunni fyrir stærri hlutdeild smábátaflotans og því að skapa handfæra-veiddum makríl sérstöðu á mörkuðum.

LS mun áfram berjast fyrir afnámi reglugerðar um kvótasetningu makríls og ávallt gæta að hagsmunum heildarinnar.

Ef félagið nær stærri hlutdeild í makrílnum munu margir bátar sem nú eru á strandveiðum kjósa að fara á makríllinn, sem myndi auka afkomumöguleika þeirra sem stunda strandveiðar.

Þegar þetta er ritað eru blikur á lofti í stjórnarmyndunarviðræðum. Fimm flokkar ræða málin. Nái þeir saman er ljóst að strandveiðar eiga hljómgrunn til að verða efldar, sé tekið mið af kosningaloforðum.

Við smábátæigendur eru í góðum færum til að skapa okkur sérstöðu á mörkuðum. Samkvæmt nýlegri skýrslu MATÍS er sótspor smábátaveiðanna 1/3 af því sem það er við togveiðar.

Allt sem við smábátæigendur þurfum að gera er að halda rétt á spilunum varðandi rekjanleika og hafa frumkvæði að því að afli okkar verði annars vegar seldur sem ókældur og hins vegar sem ísaður og vel kældur. Þá höfum við öll spil á hendi til að fá hærri verð.

Þetta mun gerast í samstarfi við þar til bæra vottunaraðila og fiskmarkaði.

Þó að vottanir hafa verið þyrnir í augum margra og þær hingað til leitt til samþjöppunar, til dæmis í grásleppuhrognaverkun, þá eru þær komnar til að vera. Við verðum því að nýta sérstöðu smábátaveiðanna í umhverfislegu tilliti. Þannig getum við unnið með vottunaraðilum og skapað hráefninu okkar sérstöðu.

Kæru félagar og velunnarar!

Ég hlakka til að vinna með og fyrir ykkur og óska ykkur og landsmönnum gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi árum.

Axel Helgason

formaður Landssambands smábátæigenda

◆ Gleðilega hátíð



JOHNSON & LEWIS - JULIA - SIA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





fiskveiðikerfin hafa hvergi leitt til aukins afla

Svikin vara?

Flestum er kunnugt um að á Íslandi, eftir 40 ára veiðistjórnun, er verið að veiða um helming þess þorskafla sem dreginn var á land áður en þessi stjórn veiðanna hófst. Svipuð minnkun er í öðrum botnfisktegundum.

Þegar vegferðin hófst lofuðu fræðingar Hafró 500 þús. tonna jafnstöðuafla í þorski, yrði farið eftir tillögum þeirra. Það hefur að mestu verið gert, sérstaklega síðari hluta tímabilsins.

Eftir að fiskveiðilandhelgi varð 200 sjómílum um miðjan áttunda áratuginn gátu þjóðir farið að stjórna eigin fiskveiðum en fram að því hafði verið erfiðara að stjórna vegna þess að útlendingar voru upp í kálgörðum og hirtu afraksturinn af heimalöndunum. Loks var hægt að framkvæma það sem fiskifræðingar höfðu sagt árum saman en það var að koma í veg fyrir ofveiði, ekki mætti veiða fiskinn of ungan. Hann þyrfti að fá að dafna, þá myndi afli aukast og hrygningarstofninn stækka, sem jafnframt þýddi að nýliðun ykist.

Dregið skyldi úr sókn í smáfisk og farið varlega í að veiða hrygningarfisk. Var það gert með

stækkun möskva í veiðarfærum og lokun svæða til lengri eða skemmri tíma. Síðar voru almennt tekin upp kvótakerfi til að tryggja að ekki væri veitt of mikið. Eru þau nú alls ráðandi. Og enn ríkir þessi stefna, draga úr veiðum til þess að geta veitt meira seinna.

En hver skyldi árangurinn vera? Það má sjá með því að skoða aflapróun frá því að veiðar voru nokkurn veginn frjálsar og einu stjórnækin voru landhelgislínur og gerð veiðarfæra.

Lítum á nokkur veiðisvæði:

Ísland

Þegar sókn var frjáls var þorskaflinn gjarnan 400-450 þús. tonn. Virk stjórnun hófst 1976 þegar trollmöskvi var stækkaður úr 120 í 155 mm og skrapdagakerfi innleitt. Árið 1983 féll aflinn í 300 þús. tonn, þá hafði fiskur lést eftir aldri vegna fæðuskorts sem varð eftir að 3 ára þorskur hvarf að mestu úr veiðinni og bættist á jötuna. Það hafði ekki verið fæðugrundvöllur fyrir þessari friðun smáfisks. Í kjölfarið var sett á kvótakerfi til að auðvelda takmörkun veiða. Ellefu árum síðar, 1995, fór þorskaflinn í 169 þús. tonn og í 147 þús.

tonn árið 2008. Nú er hann að skríða í 230 þús. tonn og Hafró hreykir sér af árangri. Það veiðist nú um helmingi minna af þorski eftir að virk stjórnun veiða hófst.

Eystrasalt

Þorskstofninn er í slæmu ástandi. Þyngd 3 ára fiska hefur fallið úr 1,7 kg 1997 í um 300 g 2015. Pólverjar voru löngum sakaðir um ofveiði og eftir að þeir gengu í Evrópusambandið var hægt að koma böndum á þá. Sett var á kvótakerfi og flotinn skorinn mikið niður undir mottóinu „Færri bátar meiri fiskur“. Nú þrífst þorskurinn ekki vegna hungurs, sem stafar af vanveiði en ráðgjöf vísindanna er að skera meira niður. Kvótinn var skorinn niður 56% fyrir komandi fiskveiðiár.

Norðursjór


Botnfiskaflí í Norðursjó hefur dregist saman úr um milljón tonnum í 300 þús. tonn frá því farið var að stjórna. Á sama tíma hefur verið dregið gríðarlega úr sókn en árið 1991 var skoski botnfiskflotinn 590 skip en var kominn niður í 207 skip 2011. Svipað má segja um enska flotann en gríðarlegu fé hefur verið varið í að rífa skip, aðallega nýleg skip til að draga úr veiðigetu flotans.

Írska hafið


Þar hefur verið stjórnað með kvótakerfi frá 1988. Þorskaflinn minnkaði stöðugt því kvótinn var sífellt skorinn niður og nú er þar veiðibann. Ég fór í túr með togara frá Kilkeel á N. Írlandi árið 2003 en þá voru 30-40 togarar á þorsk, úsu og lýsuveiðum. Þeir eru allir farnir. Svokallað „Cod saving plan“ hefur verið í gildi frá árinu 2000 en það snérist eingöngu um verndun og niðurskurð með fyrrgreindum árangri.

Færeyjamið


Það sem hefur einkennt þorskaflann við Færeyjar eru miklar sveiflur. Fyrir fyrra stríð sveiflaðist aflinn frá 15-45 þúsundum tonna. Hann féll í 5000 tonn í síðari heimstyrjöld vegna brott-hvarfs erlendra togarar. Ekki er að sjá afli hafi aukist eftir friðunina í stríðinu. Það sem ekki hafði verið veitt tapaðist, það er óvarlegt að geyma fisk í sjó. Eftir því sem landhelgin stækk-



Þróun þorskaflans á Íslandsmiðum. Árangur af hinu viðamikla stýrikerfi fiskveiða blasir ekki beinlínis við.




Þróun meðalþyngdar 3ja ára þorsks í Eystrasalti. Árið 2013 var hún kominn niður í 300 grömm.




Þorskveiðin í Norðursjó. Er ekki orðin skugginn af sjálfri sér.


aði um miðjan sjötta áratuginn fóru sveiflurnar að dýpka og vara lengur. Kvótakerfi var sett á 1994 en breytt var yfir í dagakerfi 1996. Síðasta aflaárið var 2002, þá veiddust 38 þús. tonn. Árið eftir féll þorskaflinn í 24 þús. tonn en þá var ég við ráðgjöf í Færeyjum. Ég sá að þorskur var



Þorskeiðin í írsku hafinu. Í dag er hún fyrst og fremst brottkast.



Þorskveiðar Færeyinga. Þær hafa alla tíð einkennst af gríðarlegum sveiflum.



Fjöldi sóknardaga við Færeyjar. Þú ert að skera niður meira en helming. Árangurinn? Sést hvergi nema í því að margir hreyfa ekki skip sín lengur.

mjög farinn að horast og vaxtarrannsóknir sýndu að stóri fiskurinn, 60 cm og stærri var að mestu hættur að vaxa. Jafnframt fór að veiðast miklu meira af smáum ufsa. Ég lagði til að veiðidögum

yrði fjölgað um 15% og að trollmöskvi við ufsa-veiðar yrði smækkaður. Ekki var farið eftir þessu en dögum fækkað um 1%. Síðan hefur aflinn farið niður á við og ekki að sjá betri tíð fram undan. Þorskaflinn 1915 var 8 þús. tonn. Hér á landi hafa hagsmunaðilar kvótakerfisins haldið því fram að Færeyingar hafi rústað fiskstofnum sínum með dagakerfinu. Er það svo?

Eins og áður sagði lagði ég til sóknaraukningu þegar ég sá að fiskur var að horast vegna ætisskorts. Færeyskir fiskifræðingar lögðu hins vegar til samdrátt og hafa gert það allar götur síðan. Er svo komið að veiðidögum hefur fækkað úr 41 þús. árið 2002 í 22 þús. 2016. Þetta er helmingi niðurskurður á dögum. Þar með er ekki öll sagan sögð varðandi sóknina því margir eru komnir með svo fáa daga að þeir hafa tekið þann kost að leggja skipunum. Skipum hefur einnig fækkað á Færeyjamiðum. Árið 2008 voru 247 skip og bátar með veiðileyfi. Árið 2016 voru gefin út 102 leyfi en aðeins 72 þeirra notuð. Á venjulegum degi eru 26 skip og bátar við veiðar.

Stór hluti Færeyjamiða er friðaður. Færeyjabanki, sem gaf nokkur þúsund tonn af þorski, hefur verið lokaður fyrir togveiðum í 25 ár og fyrir öllum veiðum síðan 2008. Könnun í rallinu sýnir að þar er nú lítið annað en geirnytt, gulllax, urrari, skrápflúra og annar skítífiskur, en reyndar fékkst vel af úsu í ár. Um 70% af heimamiðum eru lokað hluta árs eða allt árið. Engar togveiðar eru leyfðar innan 12 mílna utan þess að litlir togbátar, sem eru 6 talsins, en voru 17 fyrir 8 árum, fá að fara inn að 6 mílum á sumrin til að veiða kola en mega ekki vera með meira en um 30% af úsu og þorski sem meðafla. Stórir línubátar mega ekki fara inn fyrir 12 mílna mörkin. Og enn tala fiskifræðingar um ofveiði og samþykkt var í þinginu nýlega að fækka dögum um 15% næsta ár.

Ráðandi fræðimenn trú á því að friðun sé alltaf af því góða. En vanveiði getur oft verið hættulegri en ofveiði. Einkenni ofveiði eru mjög skýr: Þá er smáfiskur ríkjandi en hann er vel haldinn og vex vel, stærri fiskur einnig. Í vanveiði er ástandið þannig að fiskur er horaður og þrífst illa vegna fæðuskorts vegna þess að fiskafjöldinn er of mikill m.v. fæðuframboð. Þetta er að vísu flóknara þar sem margar tegundir eru saman að bítast um fæðuna og sóknin meiri í

BÁTADÆLUR SKELJUNGS

Þjónusta um land allt

Viðskiptakort Skeljungs virka á öllum bátadælum.

Staðgreiðslukort Skeljungs virka á stjörnumerktum(*) stöðum.

Frekari upplýsingar fást hjá þjónustuveri í síma 444-3100 og á www.skeljungur.is/batadaelur.

Vestfirðir

Bíldudalur

Bolungarvík*

Ísafjörður

(Patreksfjörður
opnar 2017)

Suðureyri*

Súðavík

Tálknafjörður

Pingeyri

Norðurland

Árskógsstönd

Húsavík

Hvammstangi

Siglufjörður

Ólafsfjörður

Skagaströnd*

Vesturland

Ólafsvík*

Rif*

Austurland

Seyðisfjörður

Eskifjörður

Stöðvarfjörður

Djúpivogur

Suðurland

Grindavík*

Hafnarfjörður*

Reykjavíkurbörn

Sandgerði*

Snarfari í Reykjavík*

Vestmannaeyjar

www.skeljungur.is/batadaelur

facebook.com/skeljungur



Skeljungur



Gamlir og góðir Færeyskir smábátar. Þe hafa stöðugt minni ástæðu til að sækja sjóinn.

eina tegund en aðra. En við slíkar aðstæður vanþrífast oft allir. Mín skoðun er sú að fær-
eyskir fiskifræðingar hafi stórskaðað fiskimiðin
við Færejar með vanveiði.

Kolakassinn

Svo nefnist 38 þús. ferkílómetra svæði undan
ströndum Hollands og Danmerkur. Þar voru
bestu kolamið í Norðursjó en mikið veiddist af
smáum kola og miklu var hent. Vísindamönnum
fannst snjallræði að loka svæðinu svo smái kol-
inn fengi að vaxa og synda út fyrir svæðið
þegar hann væri orðinn stór. Svæðinu var að
mestu lokað fyrir veiðum 1994.

Síðan hefur sigið á ógæfuhliðina. Fyrir lokun
svæðisins var skarkolaafli í Norðursjó 170 þús.
tonn en var kominn niður í 50 þús. tonn 2008.
Nú hafa rannsóknir sýnt að skarkola hefur
fækkað og hann smækkað á þessu friðaða
svæði. Stofninn stækkaði ekki heldur minnkaði
vöxtur kolans vegna fæðuskorts, sem væntan-
lega stafaði af ofbeiti, því hann óx ágætlega á
veiðislóðinni utan friðaða svæðisins og þar
hefur veiði verið góð.

Lítið fannst af fæðudýrum inni á lokaða svæð-
inu en miklu meira fyrir utan þar sem skipin
voru að skarka. Sumir vildu túlka það þannig að
veiðarfærin utan friðaða svæðisins rótuðu upp

fóðrinu svo fiskurinn næði því. Ein skýring sem
heyrðist var að hiti hefði hækkað og mengun
aukist. Niðurstöður rannsókna voru sendar
Evrópusambandinu árið 2010 til úrvinnslu og
ákvörðunar um framhaldið. Nújustu fréttir frá
hollenskum sjómönnum herma að þar sé enn
lokað og þar sé lítið af fiski. Opinberlega sé
þetta hinsvegar þagað niður sem klúður.

**Af þessar upptalningu má ráða að stjórn
fiskveiða hefur hvergi leitt til þess að
þorskaflí hafi aukist. Sama má segja um
flestar aðrar tegundir botnfiska þá ekki sé
farið nánar út í það hér.**

Ráðandi vísindamenn eiga erfitt með að sætta
sig við að minna veiðialag leiði ekki einungis til
minnkandi afla heldur líka til minnkandi fisk-
stofna. En það er ekki erfitt að skýra það út.

Þegar veitt er mikið úr fiskstofni haldið, þannig
að hann gangi ekki nærri fæðudýrunum, fá þau
að vaxa og tímgastr eðlilega og jafnvægi ríkir
milli fiska og fæðudýra. Bæði þrífast vel og
afföll eru tiltölulega lítil. Vel haldinn fiskur
hefur meiri mótstöðu gegn sjúkdómum og
sníkjudýrum og á auðveldara með að flýja
undan óvinum.

Sé dregið úr veiðum fjölgar fiski og samkeppnin
um fæðuna eykst. Fiski fjölgar, meira er étið,
samkeppni eykst og afföll verða meiri.

WASSP[®]

MULTIBEAM


SEE IT ALL

F3


WASSP Fjölgeisla dýptarmælir

- CHIRP breiðbands sending eykur greiningargetu
- Tengist beint við MaxSea Time Zero

Með nýju kynslóð WASSP þarf ekki sér tölvu til að vinna úr og birta upplýsingar heldur má tengja DRX sendi-eininguna beint við MaxSea Time Zero Professional.




MaxSea Time Zero Professional v3.1 býður upp á fjórskipta mynd á allt að 3 skjáum. Þrátt fyrir að geta tekið inn upplýsingar frá mörgum tækjum í einu er auðvelt og notendavænt að vinna á forritið.



Hér má sjá WASSP CHIRP dýptarmælis viðmótið í MaxSea Time Zero. Myndin er þannig uppsett að til vinstri er dýptarmælismynd bakborðsmegin, í miðju beint undir skipinu og hægra megin í stjórn.

WASSP er fjölgeisla dýptarmælir með 112 geisla sem teikna mjög nákvæma mynd af hafsbotninum og lífríkinu. Nýr CHIRP sendir gerir WASSP F3 að mjög öflugum fiskileitartæki á sama tíma og hann teiknar upp nákvæma þrívíddarmynd af botninum



Brimrún

Reykjavík - Sími 5 250 250 - Akureyri - Sími 5 250 260

MAREIND

Grundarfirði
Sími 438 6611



Jón Kristjánsson fiskifræðingur hefur til fjölda ára gagnrýnt ríkjandi fiskveiðikerfi. Af þeim upplýsingum sem hér koma fram er kannski komin ástæða til að hlusta á hann.

Fæðuframboð minnkar vegna þess að fæðudýrin eru upp étin og lífmassi fiska minnkar. Þegar svo er komið þarf miklu færri fiska til að viðhalda ástandinu. Stofninn helst því áfram lítill.

Svona atburðarás verður auðskilin ef hún er flutt upp á land:

Ákveðinn túnblettur þolir tíu kindur án þess að gengið sé nærri gróðri. Allar þrífast þær vel. Sé kindunum fjölgað í 50 éta þær upp grasið og svörðurinn verður ber. Þó kindunum sé fækkað þarf ekki nema eina til tvær til þess að viðhalda ástandinu. Kvótakerfi er ríkjandi sjórnunaraðgerð fiskveiða. Áhangandur þess eru tregir til að ræða ókostina svo ég lýk þessari grein með smá reynslusögu skosks sjómanns:

„Ég er á tveggja trola 25 m togara. Á veturna erum við með tvöfalt troll að veiða skötusel, stórkjöftu, smávegis ufsa, löngu og úsu ef hún gefur sig. Við verðum að henda öllum þorski því við höfum ekki kvóta. Við höfum aðeins 15 tonna kvóta af löngu og 15 af ufsa á mánuði. Öllum smáfiski er hent, öllum smáum skötusel líka.

Á sumrin þegar botnfiskkvótinn er búinn og fiskverð er lægra förum við á humar og frystum um borð. Við hendum nær öllum fiski í tveggja vikna túr þar sem fiskverðið er lágt á sumrin og spörum kvótann þar til verðið hækkar á ný.“

Jón Kristjánsson, fiskifræðingur

Víst skiptir stærðin máli

einmitt þess vegna eigum við Sæplastker í öllum stærðum



PUR
CONTAINER

PE
CONTAINER



65 Sæplast



160 Sæplast



310 Sæplast



380 Sæplast



460 Sæplast



660 Sæplast



1000 Sæplast

sæplast

HLUTI AF RPC GROUP

bsi.

FM 651230
Quality Management System
– ISO 9001:2015

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími: 460 5000 • www.saeplast.com

© Sæplast er skrásett vörumerki RPC GROUP

RPC

Við óskum öllum sjómönnum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



MAKRÍLVEIÐITÆKI

ÖRYGGI Í NOTKUN
FYRIRFERÐALÍTID
AFKASTAMIKIÐ



VINDUSTJÓRNUN

YFIRSÝN
ÞÆGINDI
EYKUR ÖRYGGI



FÆRAVINDUR

TRAUST
HAGKVÆMNI
ENDING



UMHVERFISVÆNAR VEIÐAR

Naustatanga 2 • 600 Akureyri • Iceland
Tel: +354 460 2900 • Fax: +354 460 2901

dng@dng.is
www.dng.is



Örn Pálsson framkvæmdastjóri LS skrifar

Ákvörðun um heildarafla

Eitt af höfuð markmiðum laga um stjórn fiskveiða er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Grundvöllur þess að uppfylla markmiðið er ákvæði laganna um að ráðherra sé skylt að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar – nú Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna - að ákveða árlegan heildarafla einstakra nytjastofna sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á.

Upphaf þessa er rall Hafrannsóknastofnunar í mars ár hvert. Þar mæla vísindamenn stofnunarinnar ástand einstakra fiskistofna sem er grundvöllur tillagna um veiðimagn. Töluverðrar eftirvæntingar gætir þegar stofnunin kynnir niðurstöður sínar og upplýsir um mat sitt á ástandi sjávar og einstakra nytjastofna. Þessa fundi hef ég setið frá því 1987, eða alls 30 talsins. Margt má um þá segja, en mér hefur fundist nú í seinni tíð að þátttakendur – hagsmunaaðilar í sjávarútvegi - hafi ekki komið jafnvel undirbúnir til fundanna og áður fyrr. Þar á ég

við að þeir séu hlaðnir upplýsingum frá umbjóðendum sínum sem eru á vettvangnum allan ársins hring. Geti á þann hátt lagt mat á niðurstöður stofnunarinnar á ástandi einstakra tegunda útfrá upplifun sjómanna.

Hvers vegna þróunin hefur orðið á þennan veg, tel ég vera setningu aflareglu þar sem leyfilegur heildarafla tekur mið af stærð veiðistofns. Það hefur leitt til þess að upplifunin hefur orðið sú að hinar mikilvægu upplýsingar sjómanna hafa ekki skipt máli og því þjóni það aðeins leiðindum eða sé til óþæginda að koma þeim á framfæri. Einstaka þrækálfar – einn hér í púltinu – hafa þó ekki látið sig, og gefa ekkert eftir í gagnrúni sinni á niðurstöður stofnunarinnar. Viðbrögð við því gegnum tíðina hafa verið í formi þess að koma á þá kverúlanta stimplinum sem leiðir gjarnan til uppgjafar hjá þessum ágætu gagnrúnendum. Skiptir það engu, hversu mál þeirra eru studd miklum röksemdum. Í seinni tíð hefur þetta þó mildast.

Ég þakka ráðstefnuhöldurum að gefa mér tækifæri á þessum vettvangi til að koma sjónar-

miðum mínum enn frekar á framfæri og lít á það sem ákveðna viðurkenningu til þess fróðleiks sem sjómenn hafa veitt mér gegnum tíðina.

Með allri virðingu fyrir þeim sem eldri eru hefur þekking nú á tímum það fram yfir að hún er staðfest í mælingum hátækninnar sem hlaðið er í brú og stýrishús. Þá er það einnig til að taka að mér þykir nútímamaðurinn ekki reyna að fela það neikvæða í því skyni að þá séu lokanir eða takamarkanir á næsta leiti. Honum er það keppikefli að koma þekkingunni á framfæri og sýna þannig ábyrgð í umgengni auðlindarinnar fyrir komandi kynslóðir.

Vegna aflareglunnar hefur það einnig orðið raunin, að hversu vandaðar umsagnir hagsmunaaðila hafi verið um tillögur Hafró, hafa þær engu skipt. Ráðherra tekur upp stimpilinn nánast samtímis og hagsmunaaðilar hafa kynnt sín sjónarmið. Gefur sér sjaldnast tíma til að ígrunda þær og staðreyna þó verið sé að taka ákvörðun um lífskjör þjóðarinnar. Milljarðar á milljarða ofan. Mættur á hlaðinu og stærir sig af því að hafa farið í einu og öllu eftir ráðgjöf Hafró. Það skal þó tekið fram að þetta á alls ekki við alla ráðherra, t.d. tók starfandi ráðherra sér góðan tíma sem nýttur var til fundarhalda m.a. við stofnunina um tillögur hennar. En eins og dæmin sýna þá þarf sterk bein til að taka ákvörðun um annað en stofnunin leggur til, og að viðbættum vísindunum er haft í hótunum með yfirvofandi reiði alþjóðasamfélagsins svokallaða og ég tala nú ekki um að menn hætti að kaupa af okkur. Dæmin sanna að engin innistæða er fyrir slíku.

Aflaregla í þorski hefur verið í gildi frá 1995 eða í alls 22 ár. Fyrir liggur að við útreikning á heildarafla samkvæmt aflareglu er einungis byggt á upplýsingum úr togararallinu, reynsla og þekking sjómanna er þar einskis metin. Vegna þessa hef ég í ríkara mæli farið að rúna í tölur sem stofnunin byggir útreikninga sína á. Ég hef ákveðið að taka út úr þeim athugunum hér í dag; annars vegar hvort farið hafi verið eftir nýtingarstefnu stjórnvalda sl. 9 ár og hins vegar spár stofnunarinnar um meðalþyngdir í afla á yfirstandandi almanaksári sem sjómenn eiga erfitt með að kvitta upp á.



Örn Pálsson bendir m.a. á þá staðreynd að verulega vanti uppá að 20% aflareglan sé nýtt.

Nýtingarstefna stjórnvalda er framfygt með aflareglu. Útkoma úr henni segir til um hversu mikið á að veiða á ári hverju. Fyrir þorsk er hún 20% af best þekktu stærð veiðistofnsins, meðaltali þeirrar útkomu og útgefna aflamarki ársins. M.ö.o.

Fyrir yfirstandandi ár:

Veiðistofn 1241 þús. tonn – 20% = 248.200

Útgefið aflamark 2015/ 2016 er 239 þús. tonn.

$(248.200 + 239.000) / 2 = 243.800$ rúnað upp í 244 þús. tonn.

Á sama hátt má reikna aflamark fyrir fiskveiðiárið 2017/2018 út frá 1.191 þús tonnum sem er spá stofnunarinnar um stærð veiðistofns 2017. Við það minnkar kvótinn og verður 241 þús. tonn.

En getum við einhverntíma vænst þess að aflareglan gefi okkur veiði upp á 300 þús. tonn. Í fyrirsögn á heimasíðu LS þann 1. júlí sl. sagð:


„300 þúsund tonn í ljósárafjarlægð“

Samkvæmt aflareglunni þyrfti veiðistofninn að hækka um rúm 600 þús. tonn svo niðurstaðan fiskveiðiárið 2018/2019 yrðu 300 þúsund tonn. Veiðistofninn 1,8 milljón tonn, ég endurtek einmilljónogáttahundruðþúsund tonn.


Mér er til efs að margir hér inni hafi gert sér grein fyrir þessum staðreyndum. Er það nema von að Landssamband smábátæigenda hafi

lagt á það áherslu að aflareglan yrði gerð sveigjanlegri og þekking sjómanna kæmi einnig inn í ákvarðanatöku á stærð þess lífmassa sem telur viðmiðunarstofn.

Í þessum vísindum er það staðreynd að betri upplýsingar fást með endurteknum mælingum. Það hefur sýnt sig að undanfarin ár hefur stærð veiðistofns bæði verið van- og ofátluð við útreikninga á heildarafla samkvæmt aflareglu. Aflareglunni er ætlað að tryggja að árlega sé veitt 20% af þorski 4 ára og eldri eins



og nýtingarstefna stjórnvalda segir til um. Undanfarin ár hefur raunveiðihlutfall verið undir þessum mörkum og í raun í sögulegu lágmarki, sem skýrir kannski að einhverju leyti hve mikið ber á milli sjónarmiða sjómanna og ákvörðunar stjórnvalda hverju sinni. Grafið hér að neðan sýnir árlegt veiðihlutfall af viðmiðunarstofni samkvæmt tölum úr ástandsskýrslu Hafró 2016.



Vegna þessa og skoðana flestra sjómanna um að leyfa hefði átt meiri heildarafla er það sjálfsögð krafa að leyfilegur heildarafl í þorski verði aukinn. En hver skyldi nú mismunurinn vera í tonnum talið? Á þessum 9 fiskveiðiárum er hann 100 þús. tonn, mestur fiskveiðiárin 11/12, 12/13 og 14/15 samtals 77 þús. tonn, eða

um 26 þús. að meðaltali. Við erum því að tala um verulegar upphæðir. Útflutningsverðmæti þessa gæti hafa losað 50 – 60 milljarða.

Það urðu mér gríðarleg vonbrigði við endurskoðun aflareglu á árinu 2014 og 2015 að ekki var sett þar inn klásúla um sjónarmið sjómannsins. LS skilaði inn ítarlegum tillögum í byrjun janúar 2015 en heyrði svo ekkert af málinu fyrr en í spjalli við starfsmann ráðuneytisins þegar hann greindi frá því að ríkisstjórnin væri búin að samþykkja hana. Ekki orð um málið á heimasíðu ráðuneytisins.

Það sem LS hefði viljað sem breytipætti í nýrri aflareglu er eftirfarandi:

1. Að reynsla og þekking sjómanna verði sett inn í þann þekkingarbrunn sem leitað er í þegar lagt er mat á stærð veiðistofns.
2. Að lagt verði mat á hvernig samsetning stofnsins sé hverju sinni. T.d. að nú ber 8 ára og eldri fiskur uppi stofninn. Rannsóknir hafa sýnt að hrogn úr eldri fiski gefa meiri möguleika á góðri nýliðun en úr þeim sem yngri er.
3. Gríðarlegur vöxtur hrygningarstofnsins á undanförunum árum. Við ákvörðun á heildarafla verði meira tekið tillit til stærðar hrygningarstofns. Bent skal á að nú er 5 ára meðaltal hans 440 þús. sem er 100% yfir varúðarmörkum.
4. Óskað var eftir bakreikningum þekktra stærða til ársins 2014 sambærilegum og byggt var á í skýrsludrögunum til framtíðar. Með því fengist gilt próf á aflaregluna, hver mismunur væri á reiknaðri stærð stofnsins og því sem mælingar hefðu gefið.

Svo mikil leynd virtist hvíla yfir þessu máli að skýrsla nefndarinnar hefur ekki verið gerð opinber, þrátt fyrir að ákvörðunin varði líf skjör allrar þjóðarinnar.

Við ákvörðun á heildarafla fyrir yfirstandandi ár var gagnrýni um rúra aukningu svarað á þann hátt að meðalþyngdir 5 ára og eldri væru lægri en búist hafði verið við. Við eftirgrennslan með

SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarrson.....	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinsson	s. 8608377	hanning@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is




Frumherji
Skipaskoðunarsvið

Því að ræða við fiskverkendur könnðust þeir ekki við að nýting hefði lækkað, né að sjómenn könnuðst við óvenju horaðan fisk. Þá olli það vonbrigðum að stofnunin gat sér ekki til um neinar skýringar á þessu þyngdartapi. Þessar upplýsingar gáfu mér tilefni til að skoða hverjar þyngdirnar voru ásamt þyngdaraukningu milli ára sem stofnunin byggði á.



Niðurstaðan var lygileg og í engu samræmi við ástandið í hafinu. Þær kölluðu fram spurningar en svörin létu á sér standa, nema ef vera skyldi að loðnuleysi væri um að kenna, því varla meira

en hvíslað, þó það hafi nú komið á daginn að loðnuveiðar verða vart stundaðar fyrr en í fyrsta lagi 2018. Spá Hafrannsóknastofnunar út frá mælingum gerir ráð fyrir að þyngd 5 ára þorsks sé lægri en nokkru sinni – fór að vísu ekki aftur en til ársins 1990. Þá er þyngdar- munur sláandi eins og sést á þessu grafi. Það er eins og stökkbreyting hafi átt sér stað, t.d. þegar litið er til þess að 5 ára fiskur í fyrra var 30% þyngri en spáð er að hann verði í ár.



Hvort um mæliskekku er að ræða eða ekki þá er hart að fá ekki einhverjar skýringar á þessari



Umbúðamiðlun ehf

s: 555 6677

umb.is

*Okkar umbúðir eru ætlaðar undir matvæli
Vinsamlega skilið tómum umbúðum strax á næsta fiskmarkað*





Línuveiðar hafa í heildina gengið mjög vel á árinu - sem og aðrar veiðar.

gríðarlegu sveiflu milli ára þar sem allt vigtar þetta inn í útreikning á veiðistofninum sem leiðir svo til þess hversu mikið má veiða.



En það er ekki einungis að árleg þyngdaraukning 4 til 5 ára skili sér ekki, heldur á það einnig við næstu árin allt upp í 9 ára þorsk. Þar er þyngdaraukning einungis 12,9% en lægsta gildið frá 2010 er 19,4% og það hæsta 34%.

Þorskveiðar halda áfram með pomp og prakt, ekkert lát er á góðum aflabrógðum. Mælingar á hrygningarstofni, nýliðun og veiðistofni sýna að framtíðin er björt.

Veiðistofn

Og þá eru tveir stórir árgangar að koma inn í veiðina 2018 og 2019. Á árinu 2018 mynda 6 sterkir árgangar veiðistofninn.

Það er ósk mín að okkur lánist að vinna vel úr þeim þorskárgöngum sem nú fara í hönd. Ekki á það einvörðungu við um veiðarnar heldur einnig í sölumálunum þar sem takast verður á um allar stærðir sem hver um sig hefur sína markaði og vinnsluaðferðir.





Voru þorskastríðin þá bara einn risastór misskilningur?

Hefði Guðmundur Kjærnested ekki átt að vita af þessu?

Það gerist æ sjaldnar með árunum að ég snöggreiðist, sem kallað er. Það henti mig engu að síður þegar ég las viðtal við nýjan framkvæmdastjóra Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, (SFS=LÍÚ), Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur, sem birt var í Stundinni í nóvember sl.

Heiðrún Lind er fædd árið 1979, fjórum árum eftir að síðasta þorskastríðinu lauk með einhliða útfærslu efnahagslögsögunnar í 200 mílur. Hún fékk því ekki tækifæri til að skynja það andrúmsloft sem ríkti í þjóðfélaginu á tímum þessa íslenska stríðs, sem lauk árið 1975. Það er hinsvegar meira en sjálfsagt að ætlast til þess að upprennandi kynslóðir kynni sér söguna og tilurð hlutanna.

Það er greipt í sál mína þegar eitt íslensku varðskipanna lá við Torfunesbryggju á Akureyri, mitt í síðasta þorskastríðinu, eftir að það hafði staðið í heiftarlegum átökum við hinn „konunglega breska sjóher“. Mín upplifun var sú að áhöfn skipsins var að berjast fyrir mínum

rétti sem Íslending og allra samlanda minna. Ég var ekki einn um þá upplifun. Frægasti skipherr Landhelgisgæslunnar, Guðmundur Kjærnested, var nákvæmlega sama sinnis.

Á þessum víðsjálverðu tímum sameinaðist þjóðarsálin. Hún skynjaði mikilvægi þess að standa saman og leggja til hliðar ágreiningsmál. Hún taldi sig eiga sameiginlega auðlind, fiskimiðin og fiskistofnana. Ef einhverjum hefði dottið til hugar að segja á þeim tíma að „þjóðin gæti ekki átt neitt“ hefði viðkomandi verið afgreiddur sem landráðamaður og fífl.

Fyrir löngu byrjuðu að sjást merki þess að kynslóðirnar sem á eftir komu höfðu annað hvort ekki hugmynd um hvernig það er tilkomið að Íslendingar ráða yfir 200 mílna efnahagslögsögu, 738 þúsund ferkílómetrum, rúmlega sjö sinnum stærð fastalandsins, eða er slétt sama.

Í þokkabót hefur slyngum lögfræðingum tekist að koma upp þeirri þrætu að þjóðin, þ.e.

Íslendingar allir lifandi á hverjum tíma, geta ekki verið eigendur eins né neins í sameiningu. Þeirra skilningur er sá að allt verði að hengja við kennitölur og heimilisfesti.

Þetta er auðvelt úrlausnarefni. Íslenska ríkið er sá aðili sem um ræðir, er með kennitölu og meira að segja sérstakt póstnúmer. Ríkið er umboðsaðili þjóðarinnar. Þar að auki verður þessi fullyrðing stórum sérkennilegri í ljósi þess að í 1. grein laganna um stjórn fiskveiða stendur orðrétt:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar...“

Samkvæmt viðtalinu við hinn nýja framkvæmdastjóra LÍÚ (ég nenni ekki að eltast við sauðagæruskammstöfunina SFS) er þetta lagaákvæði markleysa. Ber okkur þá eftir allt engin skylda til að virða það? Var útfærsla Íslendinga í 200 mílur markleysa? Var íslenska þjóðin með þeim gjörningi að framkvæma eitthvað sem stenst ekki nánari skoðun? Sjálfur er ég aldeilis til í þá skilgreiningu: ég á lítinn bát og gæti meira en hugsað mér að róa þegar mér sýnist. Kannski ég láti reyna þar á.

Ég efast um að einn einasti Íslendingur hafi velkst í vafa um þetta í síðasta þorskastríðinu. Nú, 40 árum síðar, eru sjónarmið uppi sem ekki verða skýrð öðruvísi en að skipherrar Landhelgisgæslunnar og þjóðin í heild hafi staðið í fullkomnum misskilningi, þjóðin gæti aldrei eignast neitt. Guðmundur Kjærnested og félagar voru semsé að berjast fyrir því að örfáir Íslendingar eignuðust fiskistofnana og fiskimiðin.

Þetta sjónarmið vekur upp þá spurningu til hvers Íslendingar lögðu það á sig að færa út landhelgina og efnahagslögsöguna. Það er ekki eins og þorskastríðin séu þrjú, eins og flestir halda. Þau voru samtals tíu og bera öll merki þess að verið var að berjast fyrir rétti þjóðar, ekki útvalinna einstaklinga. Samsagt: áhrundruða misskilningur.

Það er ekki síður umhugsunarefni, í þessu samhengi, að þeir hinir sömu og halda þessu fram telja sjálfsagt að nýting fiskistofnana/fiskistofnarnir sé einkavædd.



Guðmundur Kjærnested lét ekki breska sjóherinn buga sig á litla varðskipinu sem hann stýrði. Hann var enda handviss um að hann væri að berjast fyrir sameiginlegri auðlind íslensku þjóðarinnar.

Hvernig á sú einkavæðing að fara fram? Er fullnægjandi að segja sem svo að nýting viðkomandi stofna sé einkavædd? Lítum nánar á það og tökum dæmi: þorskstofninn.

Þorskstofninn samanstendur að jafnaði úr 13-14 árgöngum sem eðli máls samkvæmt eru fjölbreyttir að stærð og þyngd. Til að flækja ekki málið skal tekið einfalt dæmi:

Samsetning þorskstofnsins að mati Hafrannsóknastofnunar fyrir árið 2010 var að þá hafi 95 milljónir fjögurra ára þorska verið á fæti. Árið 2013 voru þeir hinsvegar 141 milljón. Þetta dæmi lýsir hversu breytileg samsetning stofnsins getur verið, hvort sem mæling stofnunarinnar er rétt eða röng. Í þessu ljósi kemur upp sú spurning, ef einkavæða á stofninn: hver á hvað í stofninum?

Einstaka fyrirtækjum getur hentað, vegna markaðsaðstæðna, að veiða eitt í dag og annað á morgun. Saltfiskmarkaðir kalla á stóran fisk,

ferskfiskmarkaðir á millistóran o.s.frv. Þúðir þá einkavæðingin að þeir sem „eiga“ fiskistofninn geti nýtt þann hluta úr honum sem þeim hentar hverju sinni? Hvers konar „einkavæðing“ er það? Þarf ekki að skilgreina hvaða fiska hver og einn á svo fyrirkomulaginu sé fullnægt?

Og málið er margfalt flóknara. Þorskstofninn er einn fjölmargra nytjastofna innan efnahagslög-sögunnar. Náttúrulegar breytur eru óteljandi, bæði hvað varðar fæðuframboð, hitafar sjávar og fleira. Nújustu dæmin eru makrílgöngur inn í lögsöguna og dreifing loðnu norður fyrir land.

Segjum sem svo að búið væri að einkavæða allt heila klabbið. Fyrirtæki X sérhæfir sig í þorskveiðum og „á“ þorskveiðiheimildir. Fyrirtæki Y sérhæfir sig í loðnuveiðum. Nú gerist að Hafró leggur til loðnuveiðibann eða gríðarlegan samdrátt í þorskveiðum.

Kviknar þá spurningin: Getur fyrirtæki X lögsótt fyrirtæki Y vegna þess að alltof mikið hafi verið veitt úr loðnustofninum og þorskurinn því rýrnað og jafnvel drepist úr hor? Eða getur Y farið í mál við X vegna þess að „einkaeignin“ hans hámaði alltof mikið af loðnu í sig? Eða

sameinast þau í lögsókn gegn Hafró og hinu opinbera vegna rangrar ráðgjafar sem leiddi til þessara vandræða?

Sú staðreynd að Íslendingar eiga – en ekki „eiga“ rúmeða 700 þúsund ferkílómetra efnahagslögsögu er tilkomin vegna manna eins og Guðmundar Kjærnested. Hann og félagar sigldu á miðin á agnarsmáum varðskipum til að berjast fyrir sameiginlegri eign og auðlind þjóðarinnar. Guðmundur sagði í viðtali sem var tekið við hann nokkru áður en hann hélt á vit skapara síns að honum hefði aldrei dottið til hugar að hann væri að berjast fyrir því að fiskveiðiauðlindin yrði færð fáum útvöldum. Ef hann hefði vitað það hefði hann ekki látið sér detta til hugar að halda úr höfn.

Nú er komin fram kynslóð sem horfir framhjá þessu. Hún lítur svo á að fiskveiðiauðlindin sé hennar einkaeign. Hvers vegna hefur hún ekki gert nokkrum grein fyrir.

Hefði ekki verið sanngjarnt að láta Guðmund Kjærsted vita af þessu þegar hann barðist við ofureflið á sínum tíma?

Arthur Bogason

Almanak
Háskóla Íslands 2017

Almanak
Þjóðvinafélagsins 2017

Fást í helstu bókaverslunum um land allt

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N

haskolautgafan.hi.is – hu@hi.is – s. 525 4003

Samann í lífsins ólgusjó



„Þá voru bara hörkutól á togurum“

1963 - Halldór Georg Magnússon fór í sinn fyrsta túr þegar hann var 16 ára. Þá muntraði hann sig á nýsköpunartogarann Ask RE.

1966 - Eftir að Askí RE er lagt fer Halldór á togarann Sigurð RE. Hann varði allri sinni sjómannstíð á togurum, meðal annars á Karlsefni, Dagstjörnunni, Guðmundi Jónssyni og Ásgeiri.

1981 - Halldór ræður sig til útgerðarfélagssins Ögurvíkur. Hann stundaði sjósókn á skipum Ögurvíkur í hartænar 32 ár.

2013 - Halldór kemur í land eftir 50 gjöful ár á sjónum. Hans síðasti túr var á frystitogarann Frera RE sem var upphaflega einn af hinum svonefndu Spánartogurum.

*Í 60 ár hefur saga
TM verið samofin
sögu sjósóknara og
sjávarútvegs*

Árið 1956 urðu tímamót í sögu sjávarútvegs á Íslandi.

Þetta ár var TM stofnað af aðilum sem tengdust sjávarútvegi sterkum böndum. Félagið er í dag leiðandi á sviði váttryggingaþjónustu fyrir sjávarútveginn og hefur sérhæft sig í lausnum sem tryggja hagsmuni atvinnugreinarinnar, jafnt á sjó sem landi.

Hjá TM starfar sérstakt teymi sem hefur yfirgripsmikla þekkingu á sjávarútvegi og sérstökum þörfum hans á sviði váttrygginga.

TÍMAMÓT með





Margt er líkt með andfætlingum okkar Íslendinga

Nýja Sjáland og Ísland

Það er kunnara en frá þurfi að segja að skoðanakannanir hérlandis hafa alla tíð sýnt mikla andstöðu almennings við ríkjandi fiskveiðikerfi. Eins og gengur hefur gagnrúnin verið misjafnlega markviss og þær kannanir sem gerðar hafa verið hafa hingað til ekki brotið málið til mergjar.

Það land sem nefnt hefur verið ásamt Íslandi þegar fjallað er um fiskveiðistjórnun á alþjóðavettvangi er Nýja Sjáland. Þeir sem fylgjandi eru þeim kerfum sem við og andfætlingar okkar notast við benda á löndin sem fyrirmyndir annarra þjóða í þessum efnum.

Sjaldnast heyrst þó mikið frá Nýja Sjálandi, nema helst vegna tíðra og mikilla landskjálfta. Fréttir af sjávarútvegi eru sárasjaldgæfar, sem er sérkennilegt þegar horft er til þess að á ferðinni er „tvíburi“ Íslands hvað varðar fiskveiðistjórnunarkerfi.

Það vakti því athygli mína fyrir stuttu þegar á fjörur mínar rak, alsendis óumbeðið, skýrsla frá skoðanakönnunarfyrirtækinu Horizon Research – Listening to New Zealand, þar sem skoðanir

almennings og fiskimanna eru kannaðar á fiskveiðikerfinu á Nýja Sjálandi.

Yfirskrift skýrslunnar er „Skoðanir almennings á fiskveiðikerfinu á Nýja Sjálandi“ en eftir því sem ég afla mér meiri upplýsinga hefði hún frekar átt að heita „Almenningur á Nýja Sjálandi missir trúna á fiskveiðikerfinu“.

Nú er það svo að sannleikurinn og hlutlausar upplýsingar eru sífellt torfundnari í heimi þar sem lygin er talin réttlæt看leg í þágu málstaðar. Tilgangurinn helgar meðalið. Það er jafnvel orðin atvinna að skrifa falsaðar fréttir til þess eins að afvegaleiða umræðu sem viðkomandi er í óhag.

Af þeirri ástæðu hafði ég samband við fólk sem ég þekki persónulega og treysti, sem býr á Nýja Sjálandi. Þessir vinir mínir staðfestu að þrátt fyrir að lítil vandi væri að gera þetta skoðunarkönnunarfyrirtæki tortryggilegt, endurspegluðu niðurstöðurnar viðhorfsþróun sem til margra ára hefði verið að eiga sér stað. Því færi fjarri að niðurstöður þessarar könnunar væru út í bláinn.

DRS4D-NXT

Nýja DRS4D-NXT ratsjain frá Furuno notar nýja "solid-state" tækni og býður upp á fjölda nýrra eiginleika.



- 60 cm X-BAND hattur með breytilegum snúningshraða, 24/36/48 RPM
- Magnetrónulaus ratsjá sem þarf aðeins 25 W í sendiorku
- Tengist beint við Time Zero og NavNet Touch
- Breiðbandspúls „RezBoost“ sem gefur hærri upplausn og skarpari greiningu
- Langdrægni allt að 32 nm
- Litar endurvarp eftir því hvort það sé kyrrstætt eða á hreyfingu
- Breidd sendigeisla stillanleg frá 2° til 3.9°. Þrengri geisli gefur betra langdrægi og greiningu fjær en breiðari geisli gefur betri greiningu nær
- Ferlar allt að 100 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 nm sem getur verið kostur við fiskileit




DRS6A-X

- Val um 3.5', 4' eða 6' loftnetsstærðir, X-BAND
- Breytilegur snúningshraði, 24/36/48 RPM
- 6 kW sendiorka
- Skali frá 0.0625 nm til 120 nm
- Tengist beint við Time Zero og NavNet Touch
- Léttari og sterkari girkassi og mótór
- Ferlar allt að 30 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 nm sem getur verið kostur við fiskileit



Í DRS6A-X-Class ratsjainni hefur Furuno betrubætt hefðbundna ratsjártækni á þann veg að aðgreining endurvarpa á stuttum skölum er meiri og skarpari en áður. Einnig hefur þetta skilað skýrari endurvörpum úr mikilli fjarlægð, þ.e. á löngum skölum. Þessir nýju eiginleikar í Furuno DRS6A-X ratsjainni, hafa hingað til eingöngu verið í ratsjám framleiddum fyrir stærstu flutningaskip.




Það sem er athyglisvert við þessa skoðanakönnun að í henni er spurt spurninga sem ég minnst ekki að hafi verið spurt hérlendis, þegar viðhorf almennings gagnvart fiskveiðistjórnunarkerfinu hefur verið til athugunar.


Það er sláandi að tæplega 70% þeirra sem tóku þátt í könnuninni töldu nauðsynlegt að fram færi óháð og sjálfstæð rannsókn á kvótakerfinu á Nýja Sjálandi. Aðeins 5% töldu þess ekki þörf. Svo vægt sé til orða tekið: Þetta er fullkomlega í andstöðu við það sem íslenskir alheimskvóta-prédikarar hafa básúnað til fjölda ára á ráðstefnum um þessi mál út um allan heim.

Svarendur í könnuninni voru beðnir um að svara 5 spurningum:

1. Hvernig hefur kerfið gagnast til að takmarka heildarafla og byggja upp fiskistofna?




2. Hvernig hefur tekist til við að takmarka iðnaðarveiðar á grunnslóð?




3. Hefur kerfinu tekist að tryggja sanngjarna skiptingu milli atvinnuveiða, hlutastarfsveiða og hefðbundinna fiskveiða?


(Innsk: frumbyggjaveiðar/ sjálfspurftarveiðar).



4. Hvernig hefur til tekist gagnvart friðuðum sjófuglum og sjávarspendýrum?



5. Tekur kerfið á brottkasti?



Engin þessara spurninga hefur verið borin upp í íslenskum skoðanakönnunum, að því ég best veit sem verður að teljast mjög athyglisvert, sérstaklega þar sem á landinu búa u.þ.b. 300 þúsund sérfræðingar á sviði fiskveiðistjórnunar.

Bátamálningarlína Slippfélagsins

Umboðsmenn um land allt



Bestun Birtingahús

Dugguvogi 4 Rvk - Borgartúni 22 Rvk - Dalshrauni 11 Sími 588 8000 Hfn - Gleráreyrum 2 Ak - slippfelagid.is



Arngylfi - Björk - Spangar - Ólafsson (Ólafur)

Virðing | Sjálfbærni | Velferð

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afrakstur í starfsemi.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngirni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákni um góðar og hollar afurðir.
- virða hvert annað, einnig þá sem starfa í sjávarútvegi og í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegsins.

*Sendum sjómönnum og öllum öðrum,
sem starfa við íslenskan sjávarútveg,
kveðjur í tilefni sjómanna dagsins!*

Hafnargata 2 | 900 Vestmannaeyjar | sími 488 8000 | vsv@vsv.is | www.vsv.is

Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum **VSV**

Gefnir voru 5 svarmöguleikar:

1. Framúrskarandi
2. Vel
3. Hlutlaust
4. Illa
5. Afleitlega



Niðurstöðurnar í hinni nýsjálensku könnun voru afgerandi á einn veg gagnvart öllum þeim þáttum sem spurt var um. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda taldi árangurinn ófullnægjandi (lélegan eða mjög lélegan) í stað fullnægjandi (góðan eða framúrskarandi).

Í heildina fékk takmörkun heildarveiðinnar og uppbygging fiskistofna skástu einkunnina, en verstu útreiðina fékk kerfið varðandi brottkast og takmörkun iðnaðarveiða á grunnslóð.

Athyglisvert er að konur voru mun fleiri en karlar í hópi hlutlausra.

Þrátt fyrir að Nýsjálendingar séu aðeins um 4,5 milljónir og stærð landsins um 268 þúsund km² (þ.e. rúmlega 13 sinnum fleiri en Íslendingar búandi á flatarmáli sem er vel innan við 3X stærra en klakinn) er fjölbreytni samfélagsins margföld miðað við hértendis. Til að flækja málið ekki um of skal stiklað á stóru: um er að ræða Maoria (frumbyggja), Evrópumenn (heimamenn, fólk frá Suður-Afríku og Bretlandi) og blöndu af þessu ásamt Asíufólki. Maoriarnir og Evrópumennirnir gáfu kerfinu hlutleysis-einkunnina oftast en aðrir.

Tæplega 70% þeirra sem svöruðu í könnuninni töldu að þörf væri á sjálfstæðri rannsókn á fiskveiðikerfinu. Sama hlutfall var þeirrar skoðunar að leiga veiðiheimilda ætti einungis að vera til atvinnumanna.



Niðurstöðurnar litu svona út:

1. Hvernig hefur kerfið gagnast til að takmarka heildarafla og byggja upp fiskistofna?

18% af heildarúrtakinu gaf einkunnina „gott“ eða „frábært“. Þessi spurning fékk einnig flest hlutlaus svör. Mikill meirihluti karla gaf spurningunni einkunnina „lélegt“ sem hlýtur að teljast athyglisvert í ljósi þess að flestir fiskimannanna eru karlar.

Í skýrslunni er safn tilvitnana í svari. Hér eru tvær:

- a. „Ég tel að við séum að standa okkur á þessu sviði. Atvinnuveiðunum er vel stjórnað. Almennigur þarf hins vegar að átta sig á því að útlendingar eru að veiðar hraustlega fram yfir takmarkanir“.
- b. Atvinnuvegaráðuneytið er brandari. Við þurfum að henda kvótakerfinu og taka upp betra stjórnunarkerfi“.

2. Hvernig hefur tekist til við að takmarka iðnaðarveiðar á grunnslóð?

Þessi þáttur fékk lægstu einkunnina af öllum. 42% svarenda sagði kerfið hvað þetta varðaði annað hvort „lélegt“ eða „afleitt“.

Svarendur sögðu m.a:

- a. „Fiskveiðikerfinu hefur tekist að þurrka út nánast alla stofnana við ströndina. Þetta er það versta sem hent hefur fiskveiðarnar okkar“.
Ekki voru svarendur fullkomlega lausir við öfgafullar skoðanir:
- b. „Banna ætti allar atvinnuveiðar innan 200 mílna“.

3. Hefur kerfinu tekist að tryggja sanngjarna skiptingu milli atvinnuveiða, hluta-starfsveiða og hefðbundinna fiskveiða? (Innsk. þýðanda: frumbyggjaveiðar/sjálfspurftarveiðar).

Þessi spurning er sérlega athyglisverð fyrir Íslendinga. Eitt af stóru þrætuþlunum í gegnum tíðina hefur verið hvernig aflaheimildunum er skipt milli stórra og smárra.

17% svarenda voru á því að kerfið væri annað hvort „gott“ eða „frábært“ hvað þetta varðaði. 39% voru hins vegar á því að skiptingin væri ósanngjörn. Aðrir voru hlutlausir.

Athugasemdir svarenda hvað þessa spurningu varðar er sérlega athyglisverð. Hér kemur gleggst í ljós að sá sem stendur að könnuninni er ekki hlutlaus.

- a. „Það er til skammar hversu lengi stjórnvöld hafa sængað með atvinnufiskimönnum. Fiskarnir eru almenningsseign, en ekki einkaeign atvinnuveiðiflotans“
- b. Minnki fiskistofnar eru frístundaveiðimenn og sjálfspurftarveiðimenn í skotlínunni, en kíkirinn settur fyrir blinda augað hvað varðar atvinnuveiðimenn“.

4. Hvernig hefur til tekist gagnvart friðuðum sjófuglum og sjávarspendýrum?

Kerfið fékk næst lægstu einkunn hvað þetta varðar. 48% svarenda taldi það standa sig illa á þessu sviði og fáir að það stæði sig vel. Í athugasemdum svarenda kemur glögglega fram

að hvalveiðar, hverskonar, eru illa séðar þar um slóðir. Hvers vegna er hins vegar ekki orð að finna og því spurning hvort ekki sé rétt að senda Kristján Loftsson niðureftir.

5. Tekur kerfið á brottkasti?

Kerfið fékk algera fallelkunn varðandi þessa spurningu. Aðeins 11% töldu kerfið standa sig á þessu sviði, meðan 57% töldu svo ekki vera. Það vekur athygli að konur svöruðu mun oftar þessari spurningu (sem öllum hinum) hlutlaust, meðan mikill meirihluti karlmannna töldu kerfið ekki standa sig.

Tilvitnanir í svarendur:

- a. „Ofveiði og brottkast tíðkast bæði hjá atvinnuveiðimönnum og frístundaveiðimönnum. Við þurfum stórlega að herða viðurlögin“.
- b. Kvótakerfið er orsök brottkastsins. Við þurfum að finna upp betra fiskveiðistjórnunarkerfi“.

Eins og fram kom voru þátttakendur spurðir hvort sjálfstæð rannsókn þyrfti að fara fram á fiskveiðikerfinu á Nýja Sjálandi. Meirihluti beggja kynja taldi þess þörf.

Rétt eins og hér heima skiptist þessi afstaða nokkuð eftir pólitískum línunum. Þannig studdu 62% þeirra sem kusu flokkana sem komust til valda í kosningum árið 2014 á Nýja Sjálandi slíka rannsókn, meðan að 76% þeirra sem kusu stjórnarandstöðuna voru þeirrar skoðunar.

Athugasemdir svarenda eru athyglisverðar:

- a. „Óháð rannsókn þarf að fara fram á iðnaðarráðuneytinu og spillingunni þar sópað út“.
- b. „Ég er fiskifræðingur sem fór nýlega á eftirlaun. Ég var mikill stuðningsmaður kvótakerfisins, en nú, þegar ljóst er að iðnaðarráðuneytið hefur engan áhuga á brottkasti, er ég þeirrar skoðunar að sjálfstæð/óháð rannsókn á kerfinu sé nauðsynleg“.

Að fleiru var gáð.

Þátttakendur voru spurðir að því hvort einstaklingar sem nýttu auðlindir í þjóðareigu ættu að

greiða leigugjald. Mikill meirihluti svarenda taldi svo eiga að vera.

Athugasemdir svarenda eru athyglisverðar:

- „Ef rukkaður er auðlindaskattur verður hann einfaldlega fluttur yfir á neytendur. Hann mun að auki vera hvatning fyrir sjávarútvegsfyrirtækin að ljúga til um athafnir sínar til að forðast kostnaðinn“.
- „Auðlindaskattur er hugmynd. Það sorglega er að neytandinn fær að kenna á því með hærra fiskverði“.

Fiskihagfræðingar Háskóla Íslands hafa af mikilli eljusemi ferðast um heiminn til fjölda ára í þeim erindum að sannfæra ríkisstjórnir heims um ágæti þess fyrirkomulags sem Íslendingar og Nýsjálandingar hafa komið sér upp varðandi fiskveiðistjórnun.

Mér er hins vegar stórlega til efs að þeir hafi greint frá því hvað almenningi á Íslandi – og nú samkvæmt framangreindri skýrslu – almenningi á Nýja Sjálandi –þykir um fyrirkomulagið. Kerfið á Nýja Sjálandi var tekið upp um svipað leyti og

við lögleiddum kvótakerfið árið 1984. Sá fiskistofn sem andfætlingar okkar höfðu hvað mestar áhyggjur af var búri (Orange roughy). Sá stofn er í dag ekki svipur hjá sjón frá því sem hann var fyrir 30 árum og á sumum veiðisvæðunum við útrýmingarmörk.

Það virðist í engu koma í veg fyrir það að búraveiðar við Nýja Sjáland eru sem þetta er skrifað að fá vottun MSC (Marine Stewardship Council) sem sjálfbærar fiskveiðar.

Er ekki kominn tími til að vísindamenn á sviði fiskifræðinnar rífi sig útúr exelskjalinu sem tröllríður þeirra fræðisviði? Er ekki tími til kominn að hætt verði að sniðganga þá gríðarlegu uppsöfnuðu þekkingu sem starfandi fiskimenn hafa á ástandi fiskistofnanna?

Hvenær rennur upp sá dagur að ráðamenn héraðslendis slái hnefa í borð og krefjist skýringa á því hvers vegna „uppbygging“ fiskistofnanna, sérstaklega þorsstofnsins, á Íslandsmiðum gengur ekkert eftir stórbrotnum lýsingum þeirra sjálfra í gegnum tíðina?

Arthur Bogason

Traustur vélbúnaður á góðu verði



Þjónustu- og umboðsaðilar um allt land

Hellissandur
Vélsmiðja Arna Jóns
Sími: 436 6500

Bolungarvík
Vélvirkinn sf.
Sími: 456 7570

Húsavík
Vélsmiðjan Grímur
Sími: 464 2303

Reyðarfjörður
Áhaldaleiga Austurlands
Sími: 864 3050

Reykjanesbær
Vökvatengi ehf
Sími: 421 4980

Stykkishólmur
Vélaverkstæðið Hillari
Sími: 527 2777

Patreksfjörður
Vélsmiðjan Logi
Sími 456 1245

Dalvík
Vélvirki ehf
Sími: 466 1088

Hornafjörður
Vélsmiðja Hornafjarðar
Sími 478 1340

Vestmannaeyjar
Skipalyftan ehf
Sími: 488 3580

Fagleg þekking, varahlutabjónusta og viðgerðir um allt land.

ÁSAFL

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

Fróðleiksmolar um Nýja Sjáland


Það er ekki langt frá því að Nýsjálandingar séu nákvæmir andfætlingar okkar Íslendinga. Reyndar er það svo að ef bein lína er dregin í gegnum hnöttinn eru löndin annars vegar Spánn og hins vegar Nýja Sjáland (NZ). Það tekur því varla að nefna muninn. Þegar þú ert að lesa þetta og lítur á klukkuna, þá er NZ 13 klukkutímum á undan. Að sama skapi hlutu þeir sjálfstæði 23. september 1907, nokkrum áratugum á undan Íslendingum. Höfuðborgin er Wellington og þar býr u.þ.b. hálf milljón manns, rúmlega 10% íbúa landsins. Stærsta borgin er hins vegar Auckland, með tæplega 1,6 milljónir íbúa. Landið samanstendur af tveimur eyjum, Norður- og Suðureyju.

- NZ liggur í suður Kyrrahafi og er u.þ.b. 268 þúsund km². Það á engin landamæri á þurru að öðru ríki, frekar en Ísland.
- Efnahagslögsaga þess er hvorki meiri né minni en 4,3 milljónir km² eða 15 sinnum stærri en þurrlendið. Íslenska hlutfallið er rúmlega 7 sinnum.
- NZ ræður yfir 6. stærstu efnahagslögsögu heims.
- Talið er að yfir 15 þúsund tegundir sjávarlífvera lifi innan efnahagslögsögunnar, eða rúm 10% allra lífvera í höfum jarðar. Margar þeirra finnast hvergi annars staðar.
- Strandlengjan er rúmlega 15 þúsund km og landgrunnið risastórt – allt uppí 100 km frá ströndinni.



- Meðalhæð landsins er 388 metrar og hæsta fjallið Aoraki-Mount Cook, 3.754 metrar. Helstu auðlindir eru jarðgas, járngrúti, sandur, kol, timbur, vatnsorka, gull og kalksteinn. Sjávarútvegurinn er NZ mjög mikilvægur. Hann er fjórði stærsti gjaldeyrisframleiðandinn á eftir mjólkurafurðum, kjöti og timbri.



A photograph showing a fisherman on a boat, wearing a dark sweater and light blue jeans, handling a large fish. The boat is on the water, and another boat is visible in the background. The fish is dark and appears to be a large cod or similar species. The fisherman is wearing orange gloves and black boots. The boat has orange and white ropes and equipment on deck.

Lúðuveiðar í miðju laxamoki. Myndin sýnir þegar Alex vippaði inn þriðju og síðustu lúðunni þegar þeir biðu eftir að kasta á laxatorfu.. Hann fann stóran riðgaðan öngul, skar haus af vænum laxi og hengdi úthaldið í sveran spotta. Biðin var ekki löng...

Axel Helgason í viðtali

Nýkjörinn formaður Landssambands smábátaeigenda

Stundum gerast hlutirnir hraðar en við eigum von á. Þetta á vel við þá staðreynd að hinn nýkjörni formaður Landssambands smábátaeigenda, Axel Helgason, tók um það ákvörðun með nokkurra klukkustunda fyrirvara að bjóða sig fram í embættið á aðalfundi LS í október sl. Áður hafði Þórður Birgisson frá Húsavík lýst yfir framboði og voru því tveir um hituna. Atkvæðin féllu Axel í hag. Munurinn var sáralítill, enda tveir ágætlega frambærilegir menn í framboði.

Axel hefur komið sér fyrir á skrifstofu félagsins að Hverfisgötu 105 í Reykjavík. Honum er þegar ljóst að starf formanns er mun viðameira en hann hafði ímyndað sér. Verkefnin eru óþrjótandi.

Axel vakti athygli þegar hann var útnefndur „Trillukarl ársins“ á Sjávarútvegssýningunni í Laugardalshöll sl. haust. Tilnefninguna hlaut hann vegna hugvitssemi við útfærslu og smíði á

makrílveiðibúnaði, smíði á eigin bát og að hafa veitt hreint ótrúlega á nýafstaðinni makrílvertíð – einsamall.

Brimfaxi ákvað að reyna að komast ögn betur að því hver maðurinn er.

Axel, hver er ætt og uppruni?

Föðurættin mín er úr Vík í Mýrdal. Langafi minn, Helgi Dagbjartsson fórst þar við sjósókn, drukknaði þegar brim tók hann út í lendingu. Afi minn drukknaði líka, kornungur, en það var í Heiðarvatni, þar sem hann fór einn út á báti til veiða. Hann hét Axel Helgason og var m.a. rannsóknarlögreglumaður. Námið sótti hann til Bandaríkjanna og auk þess var hann frumkvöðull um margt. Kona hans, Sonja Helgason, var frá Reykjavík en átti ættir að rekja til Svíþjóðar. Hún var íþróttakennari og kenndi meðal annars

sjósund í Flatey á Breiðafirði. Faðir minn heitir Helgi Þór Axelsson og er verslunarmaður í Reykjavík ásamt móður minni Guðfinnu Björk Helgadóttur.

Foreldrar móður minnar hétu Helgi Filipusson og Sigríður Einarsdóttir. Þau voru verslunarmenn í Reykjavík og ráku einnig sviffflugskóla við Sandskeið.

Við erum þrjú systkinin og ég er í miðjunni.

Konan mín heitir Sunna Rós Svansdóttir. Við eigum tvo drengi, Helga Þór þriggja ára og Magnús Orra tveggja ára.

Ég er hreinræktað borgarbarn, fæddur í Reykjavík og ólst upp í Árbænum, þá var Árbærinn sannkallaður útjaðar borgarinnar og Selás-hverfið sumarbústaðahverfi sem var leikvöllur okkar krakkanna.

Kom þá ekki fyrir að þið stálost í Elliðaárnar?

Það var aðalsportið okkar. Sem krakkar veiddum við seiði rétt neðan Hundasteina, en þegar við komumst á unglingsárin vorum við orðnir harðsvíraðir laxaveiðipjófar. Við stálost í hádegishléinu og á kvöldin á svæðið frá Hundasteinunum og niður að Árbæjarstíflu. Svo var aðalvertíðin eftir að veiðitíma lauk. Við veiddum oft ágætlega og seldum laxinn í nærliggjandi blokkum. Við gengum frá þeim í laxapoka og ég man tvisvar eftir því að fiskarnir sprikluðu í plastinu við afhendingu.

Eftir að veiðitímanum lauk var opnuð stífla fyrir neðan Hundasteinana sem þýddi að önnur kvíslin þornaði upp í kjölfarið. Að sögn átti að hafa verið dregið fyrir og lax hreinsaður úr henni, en því fór fjarri. Iðulega voru tugir laxa þarna sem við hirtum. Þeir hefðu annars drepist engum til gagns í farveginum.

Þetta var það viðamikið að við notuðum bakpoka og íþróttatöskur sem við fylltum og fórum með í strætó niður í bæ og seldum laxinn til veitingastaða í miðbænum. Svo fórum við stundum á kvöldin og borðuðum eins og greifar á stöðunum sem höfðu keypt af okkur.



Axel á siglingu frá Petersburg til Sitka í S/A Alaska, sundið sem myndin er tekin á heitir Peril Strait.

Upphaf sjómennskunnar var Alaskaævintýri, ekki satt?

Eftir að ég kláraði skólann í rafeindavirkjun stóð til boða að fara á samning til að geta tekið sveinspóf. En það var illa borgað og ég ákvað að sleppa því í bili. Ég átti skyldmenni í Bandaríkjunum sem voru í laxveiðiútgerð upp í Alaska. Á þessu hafði ég áhuga. Mér bauðst að fara á nótabát við S-A Alaska. Það stóð í um tvo mánuði, en um haustið sigldi ég bátnum niður til Seattle og fór á nótaveiðar í Pugetsundinu rétt utan borgarinnar. Það var stórkostleg upplifun að vera að veiðum fyrir utan þessa glæsilegu borg, með sjálfa Geimnálna í forgrunni.



Helgi Þór Axelsson tveggja ára og strax fjarinn að fíkta í rafmagni eins og pabbin.



Pása í puðinu. Axel er í miðju með 40 punda kóngalax í fanginu. Ekki veitt og sleppt í þetta skipti.

Viðbrigðin frá óbyggðum Alaska voru ótrúleg. Þar var reyndar margt líkt og hér heima. Gróðurinn og ilmurinn af jörðinni var nákvæmlega eins.

Ég fór síðan árið eftir á netaveiðar upp í Bristolflóa sem er lengst norðurfrá. Það vakti athygli mína að þarna var mikið af sjómönnum af norskum uppruna. Þetta voru áberandi bestu sjó- og útgerðarmennirnir. Þeir voru mun fyrr á ferðinni en aðrir við undirbúning báta og úthalds fyrir vertíðina.


Aðstæður voru mjög frumstæðar, t.d. engin hafnaraðstaða. Þá voru nánast engin gistirými og inn á eina flugvöllinn, sem var við 300 íbúa bæ, komu áhafnir u.þ.b. 1500 báta. Fyrir þær var ekkert annað í boði en að flytja beint um borð, hvort heldur bátarnir voru á sjó eða landi. Eftir að bátarnir voru sjósettir voru menn einfaldlega komnir á sjóinn. Til að komast í land bundu menn nokkra báta saman og sigldu síðan upp í fjöru á flóðinu og létu flæða undan. Þegar gerði vond veður var leitað upp í árósana eftir skjóli.

Það var athyglisvert hvernig þessum veiðum var stýrt. Það renna níu ár í Bristolflóann og í þær var talið með þar til gerðum teljurum

hversu mikið af laxi gekk í þær. Ástæðan var sú að þeir töldu óæskilegt að of mikið af laxi gengi upp í einu, því eftir hrygningu drepst allur fiskurinn. Ef of mikið magn færi upp í árnar gætu komið upp aðstæður sem dræpu hrognin sem búið væri að hrygna. Fyrra árið sem ég fór þarna norðureftir byrjaði vertíðin á rúmlega tveggja vikna verkfalli vegna óánægju með fiskverðið. Fyrir vikið hrúgaðist alltof mikill lax upp í árnar. Okkur var sagt að það hefði verið leyst með því að flugvélar vörpuðu sprengjum á hyljina og áin sá síðan um að sópa öllu til hafs.

Þú segir að hátt í 1500 bátar hafi verið að veiðum á tiltölulega litlu svæði. Hvernig var t.d. staðið að öryggismálum?

Það eru hátt í 25 ár síðan ég var þarna, þannig að ég get einungis lýst því ástandi sem þá var. Öryggismál voru ekki í hávegum höfð og við vorum hvorki með björgunarbáta eða björgunarvesti um borð. En það var bátur við bát og ef einhver lenti í vandræðum vafðist aldrei fyrir neinum að koma strax til hjálpar. Þrátt fyrir að menn væru í botnlausri samkeppni, siglandi og öskrandi hver á annan, var allt slíkt lagt til hliðar ef einhver þurfti á aðstoð að halda.



*Óskum landsmönnum öllum
gleðiríkrar hátíðar
og farsældar á nýju ári*

Starfsfólk Ísfells



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



Úr Batasmiðjunni. Tveir þeirra Sómaskrokka sem Axel steypti. Þegar upp var staðið voru þeir orðnir ný.

Var eitthvað sem kom þér á óvart umfram annað, miðað við umhverfið hér heima í sjávarútveginum?

Það sem mest kom á óvart voru tækifærin fyrir unga menn til að koma undir sig fótunum. Ég kynntist t.d. tveimur Norðmönnum sem voru

rétt um tvítugt. Þeir voru komnir með tvo báta í fullan rekstur. Ég kynntist líka Norðmanni sem hafði byrjað sem háseti á krabbaveiðiskipi og 21 árs gamall átti hann, eftir að hafa keypt sér útgerð, einbúlishús, tvo pallbíla, tvíbúli sem hann nýtti til útleigu og var að fara að kaupa sig inn í krabbaveiðiskip. Þetta virtist ekkert mál fyrir þessa stráka. Mér fannst þetta lyginni líkast, vitandi ástand mála á Íslandi fyrir þá sem vildu hefja útgerð.

Einnig var athyglisvert hvernig að málum var staðið varðandi grundvöllinn sem veiðarnar voru stundaðar á. Þarna voru allir að veiða sem jafningjar og eftirlitið með veiðunum snérist að miklu leyti um að stoppa brot sem hefðu áhrif á veiðar hinna sem fóru eftir reglum. Dæmi: Fyrir framan árnar voru dregnar línur, þetta er svo langt síðan að þá hétu þetta lóranlínur og allir urðu að vera innan við línurnar. Þetta var gert til að menn gætu ekki farið sífellt utar til að ná laxinum. Eftirlitið var gríðarlegt, bæði bátar og flugvélar. Ef bátur fór svo mikið sem hársbreidd útfyrir fékk hann viðvörun og ef hann fór örlítið meira en það var viðkomandi í vöndum málum.



MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
 S:555 6444 / 552 2111



FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.



FYRIR SJÁVARÚTVEGINN













Siglinga og fiskileitartæki




 Radarskannar


 Radarskjáir


 Botnstykki


 Dýptarmælur


 Sjálfstýringar


 Kortaplotter


 GPS/Gyró


 Útistýri

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra jóla- og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt nýtt ár.

Sektirnar voru svimandi háar og stærri brot höfðu mjög alvarlegar afleiðingar.

Ég upplifði mjög ólíka tilfinningu fyrir því gagnvart hverjum viðkomandi væri að brjóta þarna og hvernig þessu er háttað hérlendis. Tek sem dæmi grásleppuveiðarnar. Brjóti einhver af sér hérlendis í þeim veiðiskap og leggi t.d. netin áður en leyfilegt er, er það hans mál gagnvart stjórnvöldum. Þarna var tilfinningin sú að þú varst að brjóta gagnvart félögum þínum. Viðurlögin voru gríðarleg. Ég vissi af aðila sem fór inn á bannsvæði og var gómaður. Báturinn, veiðarfærin og aflinn – allt gert upptækt. Jafnframt má viðkomandi ekki framfar stunda þessar veiðar í Alaska.

Vendum okkar kvæði í kross og komum okkur heim á klakann. Þú varst kjörinn trillukarl ársins nýverið. Það var ekki að ástæðulausu, en heyrst hefur að þú sért með ýmsar hugmyndir á prjónunum auk þess sem tiltekið var vegna valsins.

Ég tek fram að sumt sem ég er að velta fyrir mér er ekkert síður betrumbætur á hlutum sem þegar hafa verið fundnir upp. Dæmi um þetta er niðurlagningarkassinn fyrir grásleppunet sem var stórkostleg framför varðandi öryggi manna við að leggja þau. Ég hef í hyggju að breyta þessu til að auðvelda þetta fyrir menn. Ég er búinn að hanna niðurleggjara ofan á kassanum þannig að það þurfi ekki að leysa frá. Í það fer mikil vinna sem hægt er að losna við.

Fleira er enn á hugmyndastiginu. Ég er t.d. mikið búinn að velta vöngum yfir nýrri veiðiaðferð fyrir smábáta á þorskveiðum sem hefur enn ekki verið prufukeyrð. Þetta mun koma í ljós með tíð og tíma.

Þú átt þér sögu við bátasmíðar.

Meðfram námi í rafeindavirkjun vann ég í bátasmíðjunni Samtak í Hafnarfirði sem þá var að smíða Viking 700 bátana. Á árunum 1987-1988 fór einn bátur á viku frá okkur sem steiptum skrokkana. Menn gerðu mikið af því að kaupa þá og klára sjálfir. Hjá Samtak var ég í hálf tannað ár en fór eftir það að vinna í Bátasmíðju Guðmundar til 1992-1993. Einnig



Fyrsta Sunna Rós liggur hér við bryggju í Efri-Langey á Breiðafirði.

var ég á þessum árum með bílskúrsframleiðslu heima hjá mér á hraðbátum og árabátum.

Tilviljun réð því árið 2009 að ég hafði samband við Óskar Guðmundsson sem áður rak Bátasmíðju Guðmundar. Ég vissi að pabbi hans hafði haft með smíði Færeyingsins að gera. Minn fyrsti smábátur sem ég keypti árið 2004 var einmitt einn slíkur og hét Sunna Rós. Mig langaði að smíða svoleiðis bát, fannst hann hentugur duggari á innanverðum Breiðafirði og eyddi t.d. afar litlu við veiðarnar.

Upphafid að eigin útgerð var á þessum Færeyingi sem ég keypti árið 2004. Ég fór á



Hin nýja Sunna Rós nokkrum árum síðar við sömu bryggju. Frá vinstri: Guðfinna Helgadóttir móðir, Helgi Þór Axelsson faðir, Helgi Þór Axelsson, Sunna Rós Svansdóttir og Magnús Orri Axelsson.



Sunna Rós um borð í Sunnu Rós. Frúin sótti sjóinn með Axel á nöfnu sinni í grásleppuna á Breiðafirði. .

grásleppuveiðar á honum á Breiðafirði, gerði út frá Efri-Langey en hún er í eigu fjölskyldunnar. Við vorum búin að koma okkur upp ágætis aðstöðu í eyjunni og því lá þetta vel við.

En Óskar vildi miklu frekar að ég smíðaði mér Sómabát og ég gæti þá bara sett í hann 30 hestafla vél til að ná niður eyðslunni, væri það aðalatriðið.



Loksins kom að því að steypa eigin bát. Fyrstu pensilförin tekin af níunda skrokknum.

Ég féllst á hans rök og gaf jafnframt frá mér hugmyndir um bát með svona litla vél. Ég leigði mótin og hóf að steypa skrokk af 10 metra Sóma. Það var eins og við manninn mælt að ég fór umsvifalaust að fá símtöl frá mönnum sem vildu kaupa skrokka til að ganga frá sjálfir.

Stutta útgáfan af þessari bátasmíði minni er sú að það voru steptir níu skrokkar sem fóru flestir frá mér sem slíkir. Tvívegis seldi ég frá mér bát sem átti að verða „minn“ en þegar upp var staðið var það sá níundi og síðasti í röðinni. Hann kláraðist árið 2014.

Punkturinn var þarna settur vegna þess að mótin voru keypt og fóru annað. Ég hafði fullan hug á því að halda áfram bátasmíði og hóf að hanna 10 metra hraðfiskibát. Í þessu skyni opnaði ég vefsíðu til að kynna verkefnið og vildi fá reynda sjómenn í lið með mér til að hanna draumabátinn. Ég fékk lítil sem engin viðbrögð. Það má því segja að þetta hafi fallið um sjálft sig ekki síst vegna þess að fiskveiðikerfið í kringum smábátaflotann býður ekki upp á fjárfestingar. Þar enduðu allar vangaveltur manna. Hvort heldur með leigu á kvóta eða strandveiðum, þetta var ókljúfanlegt.

ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



Báturinn TSIU. Félagar Axels standa í stafni á þessum 60 feta nótabát sem stundaði laxveiðar norðarlega í Alaska.

Staðreyndin er sú að núliðun í smábátaútgerðinni getur einungis átt sér stað í gegnum strandveiðarnar. Sér einhver fyrir sér að núliðun eigi sér stað með því að einhverjir kaupir veiðiheimildir þeirra sem eru í aflamarkskerfinu og hefji útgerð?

Það er ekki að fara að gerast vegna þess að veiðiheimildirnar eru alltof dýrar, hvort heldur á þeim fáu bátum sem eftir eru í aflamarkskerfinu eða krókaaflamarkinu. Þær munu hvergi annars



Beðið eftir merkinu nótin klár og Axel bíður þess að kippa í spottann.

staðar lenda heldur en hjá stórútgerðinni eða stóru smábátunum. Þetta sjá allir sem eru með opin augun. Ef einhver ætlar að kaupa 1 kg af aflahlutdeild á 2.400 krónur eins og verðið er núna, næst einungis að greiða vextina með aflaverðmætinu eins og það er í dag.

Hvers vegna bauðstu þig fram til formennsku LS og hver verða þín áherslumál?

Ég hef brennandi áhuga á málefnum smábátaútgerðarinnar. Við bætist að síðustu misserin hefur mér blöskrað hversu lítið er hlustað á Landssamband smábátaeigenda, sem er stærsti umsagnaraðilinn varðandi athafnir stjórnvalda um þeirra mál. Jafnvel í smæstu atriðum er ekkert gert með það sem félagið leggur til.

Gott dæmi um þetta er hvernig atvinnuvegaráðuneytið hagaði sér varðandi upphaf síðustu grásleppuvertíðar. Þar tók ráðuneytið ákvörðun með fimm daga fyrirvara um breytingu á upphafstímanum sem lýsir ótrúlegri vanvirðingu í garð þeirra sem stunda þessar veiðar. Lýsir í hnotskurn að embættismannakerfið og pólitíkin telur sig geta tekið ákvarðanir eins og þeim sýnist um okkar mál án þess að nokkuð tillit sé tekið til okkar hagsmuna.

Það alversta er að ekki nokkur einustu rök eru lögð fram með þessum ákvörðunum. Það er lágmarkskrafa að rökin séu lögð á borðið, annars er þetta ekkert annað en handahófskennd sérhagsmunagæsla einhverra tiltekinna einstaklinga.

Annað dæmi er makríllinn. Nánast öll aðildarfélög Landssambandsins voru sammála um að ekki ætti að kvótasetja þessar veiðar smábátaflotans. Á þetta var ekki hlustað, þrátt fyrir að í Landssambandinu sé yfir 90% flotans.

Þriðja dæmið er ákvörðun ráðuneytisins um flutning veiðiheimilda frá strandveiðibátum á D svæðinu sl. sumar, nokkrum dögum fyrir upphaf strandveiðitímabilsins. Ekki talað við nokkurn mann og hvað þá tekið mark á mótmælum Landssambandsins eða svæðisfélaganna. Rökin sem komu síðar frá ráðuneytinu héldu engu vatni.

Áherslumál mín eru annars að fylgja eftir samþykktum aðalfundar og að fá félagsmenn til að vera virkari í starfi aðildarfélaganna og gagnvart stjórn og formanni. Ég hef ekki áhuga á að vera einangraður á skrifstofunni og þurfa að heyra útundan mér hvaða skoðanir félagsmenn hafa á þeim störfum sem þar fara fram. Ég vil að þeir hringi inn til okkar og hafi þannig bein samskipti, sem alltaf eru best og gagnlegust.

Ég vil trúna því að við getum átt þannig samskipti við stjórnvöld að það verði hlustað á okkur. Mennt geta haft allar skoðanir veraldar á því hvort smábátaflotinn hafi fengið of mikið eða of lítið í sinn hlut. En að sú staðreynd blasi við, þegar ný fisktegund tekur upp á því að ganga á Íslandsmið, að smábátæigendur fái enga áheyrn um hvernig málum skuli háttað er manni algerlega misboðið.

Til að enda þetta viðtal á ögn léttari nótum...þú tekur þátt í verkefni sem kallast SAF2 . Viltu greina frá þessu verkefni í stuttu máli?

Landssambandið er aðili að verkefni sem er styrkt af Evrópusambandinu og snýr að því að

styrkja tíu doktorsnema frá sjö löndum, þ.a. tveimur frá Íslandi, til að rannsaka áhrif fiskveiðistjórnunarkerfa á samfélög.

Margir þeirra eru með mjög áhugaverð verkefni sem munu nýtast Landssambandinu í baráttunni fyrir tilverurétti smábátaútgerðarinnar. Þarna verður t.d. að finna dæmi um mat á áhrifum kvótasetningar fyrir byggðarlög og reynt að meta félagsleg áhrif fiskveiðistjórnunarkerfa sem t.d. umhverfismerkin taka ekkert tillit til, enn sem komið er a.m.k.

Hverju viltu beina til félagsmanna að lokum?

Smábátæigendur verða að átta sig á því að eina vörn þeirra gagnvart ofríki stjórnvalda og stórútgærdarinnar er samstaða. Það er margfalt fleira sem sameinar þá en sundrar. Mennt getur greint á um allskonar mál og það er í sjálfu sér ekkert að því. En þegar kemur að stóru málunum verða menn að leggja slíkt til hliðar og standa saman. Það er eina von okkar til þess að sjá smábátaútgerðina vaxa og dafna í framtíðinni.

40 ára reynsla í vinnslu og útflutningi á grásleppuhrognum tryggja þér ávallt toppverð og tryggjar greiðslur fyrir þinn afla

Jón Ásbjörnsson hf / Fiskkaup hf óskar starfsólki, viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

FISK KAUP HF
Jón Ásbjörnsson hf.

Frá ritstjóra



Arthur Bogason

Strandveiðar og makrill - síðustu vígi frjálsræðis til krókaveiða?

Landssamband smábátaeigenda (LS) hélt 32. aðalfund sinn í október sl. Að venju bar margt á góma. Á annað hundrað tillögur voru afgreiddar úr nefndum til aðalfundar.

Það sem stendur uppúr eftir fundinn var hið undirliggjandi. Það sem fundarmenn töluðu ekki sérlega mikið um.

Á örskömmum tíma hefur umhverfi félagsins og smábátaútgerðarinnar gjörbreytst. Í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr sem starfstjórn (þetta er ritað í fyrstu viku desember) framkvæmdi hún breytingar á lagalegu umhverfi smábátaútgerðarinnar sem verður við fátt ef nokkuð jafnað frá því kvótakerfið var tekið í gagnið árið 1984.

Fyrir það fyrsta ákváðu stjórnvöld að breyta stærðartakmörkum smábátaflotans – þvert ofaní fullkomna andstöðu LS og nánast allra svæðisfélaganna - í 15 metra að hámarkslengd og 30 tonn að hámarksstærð. Rökin sem stjórnvöld réttlættu þennan gjörning með voru að

menn væru fyrst og fremst að huga að betri meðferð á afla og enn frekar áhöfnum.

Þetta reyndist – eins og LS fullyrti – rakalaus þvættingur.

Afleiðingarnar eru enn ekki að fullu komnar fram. Staðreyndir tala sínu máli:

Krókaafلامarksbátum hefur snarfækkað og sú þróun mun halda áfram. Sú gegntæra lygi að ekki stæði til að auka afla bátanna er einhver sú óskammfeilnasta sem á borð hefur verið borin. Getur einhver, einhverstaðar, bent á dæmi þess, ekki bara hérlandis heldur hvar sem er, að stækkun báta sé ekki í þeim tilgangi að auka afla?

Til að bæta gráu ofaná svart hafa flestir þeir aðilar sem hömuðust á stjórnvöldum í þeim tilgangi að ná fram þessum breytingum sagt skilið við LS – ekki talið sig lengur eiga samleið með félaginu.

Sem sagt: þegar félagið hafði, eftir áratuga baráttu fyrir auknum veiðiheimildum smábátaflotans, náð glæsilegum árangri töldu þeir sér sæmandi að læðast aftan að félaginu með lævísu áróðri meðal alþingismanna um mikilvægi þess að geta farið betur með menn og fisk á stærri bátum.

LS fullyrti einnig á sínum tíma að næstu skref þessara aðila yrðu kröfur um leyfi til netaveiða og að sameina krókaafلامarkin að aflamarkskerfinu. Þetta hefur ræst eins og stafur á bók.

Næsta „gæfuspor“ var kvótasetning makrills á smábátaflotann. Makrillinn tók upp á því að synda inn í íslenska lögsögu og árið 2007 markaði tímamót í veiðum fiskveiðiflotans. Þá var nánast eingöngu um að ræða úthafsveiðiskip og smábátaflotinn hafði lítið af þessum nýbúa að segja. Makrillinn færði sig upp á skaftið og nokkum árum síðar – eins og fiskimenn spáðu fyrir um – gekk hann í gríðarlegu magni á grunnslóðina og varð fýsilegur kostur fyrir smábátaflotann.



Á stofnfundi LS 1985 var höfuðkrafa fundarins að krókaveiðar smábáta skyldu vera frjálssar. Smábátæigendur eiga hvergi að gefa eftir þá kröfu. Handfæra- og línuveiðar smábáta hafa frá upphafi fiskveiða við Ísland aldrei skaðað neinn fiskistofn eða rústað fiskimiðum.

Þessar staðreyndir skiptu stjórnvöld engu máli. Þau ákváðu að kvótasetja makrílinn samkvæmt aflareynslu sem var í engu samræmi við þróunina sem augljóslega var að eiga sér stað.

Þarna var gullið tækifæri fyrir stjórnvöld að opna á nýjan og spennandi möguleika fyrir smábátaútgerðina. Tækifærinu var fleygt í ruslið. Með rökum sem voru ekki einu sinni hlægileg var smábátaflotinn kvótasettur í makríl vegna þess að annars myndum við „verða að athlægi á alþjóða vettvangi vegna ábyrgðarleysis“ og í kjölfarið eiga á hættu að missa markaði.

Ég er á því að þessi gjörningur slagi hátt í að vera heimsmet í ómerkilegu kjaftæði. Á sama tíma og ekki samdist milli þjóða um heildarveiði úr makrílstofninum taldi þáverandi sjávarútvegsráðherra sér sæmandi að bera þetta á borð.

Íslensk stjórnvöld ákváðu einhliða að veiða svo og svo mikið úr makrílstofninum. Hvað varð af „ábyrgðartilfinningunni“ og hinni heilögu möntru um mikilvægi þess að fara að „vísindalegri ráðgjöf“? Hvað varð af rökunum

um að hrun markaða myndi blasa við, væri þeim ekki fylgt?

Í þessu sambandi er vert að rifja upp hróp og köll stórútgerðarinnar þegar fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, Jón Bjarnason, ákvað að stórauka aflaheimildir í skötusel. Þær voru dramaískar lýsingarnar sem talspípur LÍÚ gáfu á heimsendinum framundan. Ísland myndi missa allan trúverðugleika á sölumörkuðum. Raunin? Það rættist ekki stafkrókur af heimsendasþánni, frekar en öðrum slíkum síðustu árhundruðin.

Hlutur íslenskra smábátæigenda í heildardæminu var langt innan við 0,1%. Ofaní kaupið slátræði þáverandi utanríkisráðherra Rússlandsmarkaði sem var margfalt verðmætari en það sem hér um ræðir. Nújustu tölur segja að ráðherrann hafi haft af þjóðarþúinu 10 þúsund milljónir á ári. Tíuþúsundmilljónir!

Kvótasetning smábátaflotans var framkvæmd til að þjóna allt öðrum markmiðum. Innanbúðarmenn á „réttum“ stöðum í pólitíkinni og jafnvel sömu aðilar og Landssambandið hafði lagt traust sitt á til að vinna gegn kvótasetningunni, reru lífróður í ráðuneytinu í því skyni að sem stærstur hluti kókunnar kæmi í



Á sama tíma og gæðamál strandveiðiflotans varðandi afla eru komið í þrjúðilegt horf er þeim ósannindum enn haldið á lofti að svo sé ekki. Hverra erinda ganga þeir aðilar?

þeirra hlut. Þeim varð að ósk sinni. Einhverjir þeirra höfðu ekki einu sinni sómatilfinningu til að halda kjafti um þetta afrek sitt: gortuðu sig úti bæ af gjörningnum.

Þeir aðilar innan smábátaflotans sem voru fylgjandi því að kvótasetja sem allra fyrst voru þeir sem höfðu elstu aflareynsluna. Staða félaga þeirra skipti þá engu og trúnaðurinn við þá af sama meiði. LS lagðist gegn kvótasetningunni, sem þýddi að kvótasetningin tafðist og hlutur þessara aðila margfaldaðist fyrir vikið. Nokkrir þessara aðila hafa nú þakkað fyrir sig með úrsögn úr félaginu.

Þriðja furðuverkið framkvæmdi sjávarútvegsráðherrann sem nú (þegar þetta er skrifað) situr í starfstjórn. Hann tók upp á sitt eindæmi og án samráðs við einn einasta mann að færa 200 tonn af aflaheimildum strandveiðiflotans á suður- og suðvestursvæði frá svæðinu á sama tíma og aflaheimildir strandveiðiflotans voru auknar í heildina. Hvað honum gekk til hefur enn ekki verið upplýst. Meðalveiði á bát á þessu svæði hefur frá því strandveiðikerfið var sett á laggirnar 2009 ætíð verið lægst í

samanburði við hin svæðin þrjú. Í aðdraganda síðasta strandveiðitímabils var augljóst að D svæðið gæti átt betri daga framundan. Það skipti þennan ráðherra engu. Datt honum til hugar að ræða við menn á svæðinu? Sýna þeim þá lágmarksvirðingu? Ekki aldeilis. Þeir voru ekki eins fundar virði.

Þessi ráðherra mætti á aðalfund LS í október sl. og verður helst minnst fyrir að hafa sagt, genginn úr pontu á leiðinni út, að hann hefði kosið að í salnum væri meira af „hressu fólki“. Það skyldi þó ekki vera að fundarmenn hafi ekki talið mikla ástæðu til að gleðjast yfir embættisverkum hans.

Staða LS er snúin. Samkvæmt mínum upplýsingum hafa „stóru“ smábátarnir sem yfirgefið hafa félagið dregið með sér yfir helming króka-aflamarksheimildanna. Aflaheimilda sem tók áratugi fyrir félagið að fá viðurkenndar.

Yfirskrift stofnfundar LS 1985 var að krókveiðar smábáta ættu að vera frjálsar. Síðan þá hafa stjórnvöld lagt sig öll fram um að kvótasetja þær. Svo var komið, vel fyrir daga strandveiði-

kerfisins, að þær voru allar komnar í varðhald afla- og krókaaflamarks. Árið 2009 - öllum að övörum - leit strandveiðikerfið dagsins ljós.

Stundum býður tilveran upp á undarlegar endurtekningar: skyndilega var komið kerfi sem í grunninn er ekki úkjá fjarri kröfunni frá 1985, þó betur megi svo dugað geti. Strandveiðikerfið og hugsanlega makrillinn eru orðin síðustu vígi krókaveiða sem komast í námunda við eitthvað frjálsræði.

Ástæður allra þeirra takmarkana og banna sem í gildi eru í fiskveiðunum hafa ekkert að gera með smábátaveiðarnar. Þær eru allar tilkomnar vegna skipa og veiðiaðferða sem fundnar voru upp og þróaðar til að yfirvinna hin náttúrulegu öfl sem stýrðu sjósókninni langt fram á síðustu öld. Hvernig sem á því stendur hafa stjórnvöld talið sér næst að takmarka veiðar smábátaflotans eins og þar sé meinið að finna. Ekkert er fjær sanni. Að halda því fram að takmarkanir á veiðum lítilla handfærabáta hafi eitthvað að gera með álag á þorskstofninn er ámóta gáfu-

legt og að setja þær einu þungatakmarkanir á samgöngukerfi landsins að notkun barnavagna á gangstéttum í miðbæ Reykjavíkur ógni slitþoli og endingu gatnakerfisins í heild.

Árið 1985, þegar það rann upp fyrir trillukörllum að þeir væru orðnir blóraböggull stjórnvalda höfðu þeir kjark og áræðni til að bjóða stjórnvöldum birginn. Þeir reru á banndegi, lokuðu stærstu höfn landsins og létu rækilega til sín taka.

Mér segist svo hugur um að það styttist í nýjar útfærslur af borgaralegri óhlýðni smábátaeigenda. Það er fullkomlega óþolandi að það útgerðarform sem hefur aldrei ógnað tilvist nokkurs fiskistofns sé meðhöndlað eins og niðurstæðingur fortíðar.

Ég ætla ekki að láta bjóða mér þetta. Og ég vona að sem flestir félagar minna séu sama sinnis.

Arthur Bogason

GÆÐAVÖRUR FYRIR BÁTINN!



REYKJAVÍK, Dvergshöfða 2, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata,
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17, REYKJANESBÆR, Krossmóa 4,
SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15,
Sími: 535 9085 | www.bilanaust.is

FÉLAGSMENN Í LANDSSAMBANDI
SMÁBÁTAEIGENDA FÁ ALLT AÐ
20% AFSLÁTT*
*GEGN FRAMVÍSUN FÉLAGSSKÍRTEINIS

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

Verkefnið **DROPI**



15 metra Dropi. Ekkert er því til fyrirstöðu að hanna bátinn talsvert minni.

Verkefnið Dropi er hugsað sem annars konar möguleiki til þess að gera út minni og meðalstóra báta, þar sem orkunotkun og vinnuástanda er höfð í fyrirrúmi.

Í smábátakerfinu, þ.e. bátum allt að 30 brl og 15m að mestu lengd, hefur áhugi manna undanfarin ár beinst nær eingöngu að hraðskreiðum frambyggðum plastbátum, bátum sem ná allt að 20 sjómílna ferð við góðar aðstæður. Bátar af þessari gerð uppfylla óskir sumra og þá yfirleitt lítið hlaðnir. Jafnframt verður að haga málum þannig að þeir séu eins léttbyggðir og mögulegt er, með hraðbáta skrokklagi, tiltölulega flatbotna og án kjöls. Stærstu bátarnir í smábátaflokknum eru gjarnan með 500 til 800 hestafla vélar, með föstum skrúfubúnaði en með snuðgír.

Sá bátur sem hér er kynntur er ekki að öllu leiti nýr af nálinni, en hugmyndin hefur verið að þróast um nokkurn tíma. Báturinn er afturbyggður og öll vinnu- og hvíldaraðstaða vel fyrir aftan miðju, þar sem stamphreyfingar eru minnstar. Þó eru talsverðar breytingar fyrir neðan sjólínu. Ef horft er á sjólínu bátsins rétt fyrir neðan hönnunarsjólínu þá er flatarmiðja þess flatar talsvert fyrir framan miðju og þar með rúmmálsmiðja skrokkhlutans einnig. Þetta er frekar óhefðbundið og á skjön við rúmmálslögun flestra venjulegra skipa og fiskibáta.

Aðalástæðan fyrir því að miðja rúmmáls skipa/ báta hefur að jafnaði verið fyrir aftan miðju er að burðurinn í þeim verður að vera í takt við langskipsstaðsetningu á þungamiðju skipa/ báta.

Hefðbundin fiskiskip eru með allan fastan búnað eins og vél og skrúfubúnað fyrir aftan miðju. Skip þurfa að sigla sem láréttust miðað við hönnunarsjólínu til þess að mynda minnsta mótstöðu við sjó, að sem minnst bógöldu myndist og að gryfjan aftan við skut verði sem minnst.

Algengast er að sjá tóm skip sigla með afturtrimm (aftursigin), en fullfermd trimma þau fram (framsigin). Í dag er leitast eftir því að skip sigli sem láréttust. Stóru togararnir og uppsjárskipin eru yfirleitt með neyslu- og ballesttanka eftir mestallri lengd skipsins og geta því stillt þau af í æskilegustu stellingu langskips með tilfærslu á vökva milli tanka. Í stuttu máli sagt þá má segja að hefðbundin skip eru með þyngdarpunkturinn aftan við miðju en Dropi hefur hann fyrir framan miðju. Ef menn telja að rásfesta sé vandamál, sumir hafa bent á að hann muni snúa sér á lensi þá get eg bent á gamla góða Skodann með vélina afturí, en hann vildi gjarnan snúa sér við í hálfku, eðli hluta er að þyngdarpunkturinn leitast við að vera fremstur. En vissulega er vindfang eitthvað sem menn verða að hafa í huga, ekki bara hér heldur öllum þessum yfirbyggðu smábátum.

En hver segir að allur þessi búnaður þurfi að vera aftast eða aftarlega í skipum og bátum? Það má benda á að gömlu pólsku togararnir voru með aðalvélinu og allt sem henni fylgdi talsvert fyrir framan miðju, sem og brú og vistarverur. Þar af leiðandi gat skrokkurinn verið talsvert rýrari að aftan. Þessi skip höfðu góðan ganghraða miðað við vélarstærð. Þetta ásamt því að líta til lögunar sjávardýra, var haft að leiðarljósi við hönnun skrokkformsins á þessum bát. Sé horft á vatnslínuflöt bátsins sem verður þegar hann er skorinn lárétt í sjólínu við og neðan við hönnunaratnslínu líkist þessi flötur helst þegar horft er ofaná

túnfisk eða hliðarmynd af vatnsdropa með smá totu fremst. Vegna skrokklögunarinnar er því vel við eigandi að kalla þessa bátsgerð Dropa.

Sá Dropi sem hér er rætt um og er á meðfylgjandi mynd, er 15m langur, 5,40m breiður, 1,90m að neðradekki og 4,20m að efradekki, mælt frá grunnlínu (BL). Tekið skal fram að ekkert er því til fyrirstöðu að Dropi geti verið talsvert minni og nálægt þeim meðaltalstölum sem eru í smábátaflotanum í dag.

Aðalvél í 15m Dropann er áætluð 300kw og ljósavél 60kw. Skoðaður hefur verið möguleiki á þremur möguleikum á framdrift, þ.e. díselvél með gír og skiptiskrúfu, díselvél með rafal og rafmótor út á fasta skrúfu og í þriðjalagi að bæta við batteríum sem mundu duga í 20 mín. stím miðað við fullt álag. Tveir síðarnefndu kostirnir eru dýrari en geta sparað umtalsverðan rekstrakostnað.

Ganghraði miðað við 300kW (uppb. 400 hö) út á skrúfu er áætlaður um 9 sjómíllur. Það sem auðkennir þennan bát er að vinnslurými og lest er á sama þilfari. Lofthæð er 2,20m í vinnslurýminu en um 2,00m í lestarými. Gert er ráð fyrir einangruðu og steypu lestartargólfi.

Í vinnslurými er gert ráð fyrir a.m.k 15.000 krókum á rekkum og blóðgunartromlu. Frá henni fer fiskurinn í þvottakar sem í er færiband sem flytur fiskinn inn um lúguop inn í lestarýmið. Þaðan færist hann með stuttu færibandi og rennum að körum í lest.

Í vinnslurýminu er lokaður dráttarklefi. Hugsanleg útfærsla á að draga línuna inn við sjávaryfirborð og flytja hann með C-bandi til mannsins á rúllunni sem jafnframt blóðgar og færiband sem flytur fiskinn frá klefanum að blóðgunarkarinu.

Í lest er pláss fyrir 42 stk. 440L fiskikör auk sérsmíðaðra kara í gangi fiskilestar. Fyrir framan er rými fyrir krapavél, hvaðan krapalagnir liggja um lestinu. Gert er ráð fyrir öflugum andveltigeymi og hugsanlega stampdempa, sem róa allar hreyfingar bátsins verulega.

Stampdemparinn vinnur eins og opið slingubretti þar sem stamphreyfingin knýr sjóinn inn og út úr rými fremst í perunni. Tankarými er



Stefán Guðsteinsson skipatækniþráður og höfundur greinarinnar.

verulegt og þá eru ballasttankar til að halda bátnum réttum bæði langskips og þverskips. Þeir eru tengdir búnaði sem sjálfvirkt halda bátnum í rétttri stöðu. Báturinn er með mikinn stöðugleika og þolir verulega yfirísingu, mun meiri en kröfur gera ráð fyrir. Bátinn er hægt að smíða hvort heldur sem er úr trefjaplásti eða stáli.

Hvöld sjómanna

Ég var aðili að verkefni sem Siglingastofnun, undir forustu Gísla Viggóssonar, setti á laggirnar og beindist að svefni og hvöld sjómanna um borð í fiskiskipum, sérstaklega í löngum veiðiferðum.

Verkefnið byggðist á samanburðarskoðunum á sjómönnum fyrir og eftir veiðiferð. Þetta var gert á árunum 1995 og 1996 þegar smá reynsla var komin á svokallaðar Smuguveiðar í Barentshafi. Hannes Pedersen háls- nef og eyrnalæknir sá um hina læknisfræðilegu hlið málsins en RT ehf (nú hluti af Verkís ehf) sá um smíði mælitækja og uppsetningu á greiningarbúnaði.

Það var fyrirfram vitað að sú hröðun sem er umfram þá venjulegu (9,81m/sek² sem er þegar menn standa á fastri grund) hefur mikil áhrif á hvöld, ásamt hávaða og titringi. Þessi umframhröðun getur verið veruleg eins og sjómenn þekkja og veldur jafnframt því að erfiðara

Flotvinnugallar

Fyrir sjóveiðina
MOKVEIÐIKRÓKAR



Gúmmi krókar 5 stk. pk.
6/0 kr. 695.00 pk.
14/0 kr. 895.00 pk.



Vesturröst

Laugavegi 178 - s: 551 6770 - www.vesturrost.is



Sigurjón Valdimarsson. Hann var um árabíl ritstjóri *Brimfaxa*.

Minning

Látinn er í Reykjavík Sigurjón Valdimarsson blaðamaður og ritstjóri. Ég kynntist Sigurjóni árið 1989 þegar hann bað mig að skrifa um fiskveiðimál í Sjómannablaðið Víking sem hann ritstýrði. Ég skrifaði fræðigreinar um hvernig fiskveiðstjórn væri háttað í löndunum í kringum okkur, þýddi greinar um fiskiifræði og tók viðtöl við fræðimenn. Smá saman snéri ég mér að því

að gagnrúna fiskveiðistefnu Hafró og stjórnvalda, Sigurjón bættist í liðið og við skrifuðum margar óvægnar greinar útmist saman eða sitt í hvoru lagi. Þessu var oft illa tekið af ráðandi aðilum sem og úmsum hagsmunaaðilum. En ekki vantaði áhugann, því það mátti lesa á hurðinni á bókasafni Hafró að það væri bannað að fara með Víkinginn út úr bókasafninu, menn gætu bara ljósritað hann. Þetta var skemmtilegur tími. En svo fór að bera á að auglýsendur væru óánægðir og hótuðu að hætta að auglýsa í blaðinu og eins fóru einstaka útgerðarmenn að segja blaðinu upp. Við héldum út til ársloka 1992 en þá var okkur hagrætt í burtu og Víkingurinn breyttist í brandarablað. Síðar tók Sigurjón við ritstjórn *Brimfaxa* í nokkur ár og áttum við samstarf þar líka. Greinar okkar árin 1989-1992 má finna á timarit.is og merkilegt nokk virðast þær ekkert hafa elst, við erum enn að glíma við sömu vandamálin.

Það var gott að vinna með Sigurjóni, hann var drengur góður og heiðarlegur. Ég minnst samstarfs okkar með mikilli ánægju. Blessuð sé minning hans.


Jón Kristjánsson, fiskifræðingur

OFHLEÐSLA BÁTA

Skipstjórnarmenn eiga að vita hve mikinn farm bátur þeirra getur borið en samt gerist það að bátar sökkva vegna ofhleðslu.

Ef vel fiskast þarf að gæta þess að ofhlaða ekki bátinn svo tryggt sé að fólk og fley komist heilt til hafnar.

Láttu ekki aflann verða þér að fjörtjóni.



Samgöngustofa



PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

Fjölþátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðveldla þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án
björgunarvestis**



Ritstjórnarstefna Brimfaxes



Sá guli blóðgaður. Smábátaútgerð er náttúrunýting og náttúruvernd í senn.

Brimfaxi, tímarit Landssambands smábátæigenda kom fyrst út árið 1986. Eðli máls samkvæmt fjallar það um málefni smábátaútgerðarinnar og þá baráttu sem smábátæigendur hafa staðið í allt frá stofnun sambandsins árið 1985. Baráttu sem líkur trúlega aldrei.

Ritstjórnarstefna Brimfaxes er einföld: með eflingu smábátaútgerðar er verið að stuðla að umhverfis- og mannvænum fiskveiðum. Smábátaútgerð er sameiningartákn nýtingar og náttúruverndar ásamt því að flétta saman ævafornar veiðiaðferðir sem aldrei hafa ógnað neinum fiskistofnum, við hátækni nútímans. Þannig mætast gamli og nýi tíminn í sinni fegurstu mynd.

Á tímum vaxandi umhverfisvitundar um heim allan leita menn leiða til að draga úr mengun og röskun vistkerfa. Höfin þekja yfir 70% af yfirborði jarðar og munu í framtíðinni gegna vaxandi hlutverki í fæðuframléiðslu mannkynsins. Því verður mikilvægara með hverjum degi að gengið sé af virðingu um hafrýmið og þær auðlindir sem það geymir.

Smábátæigendur, sama hvar þeir eru staddir á jarðarkringlunni hafa uppi sömu sjónarmið.

Alþjóðasamtök strandveiðimanna og fiskverkafólks (WFF–World Forum of Fish Harvesters and Fish Workers) voru stofnuð árið 1997. Þar er sama grunnstefið að finna, en samtökin hafa að sama skapi á dagskrá mannréttindi smábátaveiðimanna. Þau eru iðulega fyrir borð borin í skiptum fyrir samninga við alþjóðleg stórútgerðarfyrirtæki.

Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) áætla að af 51 milljón fiskimanna á jörðinni séu smábátaveiðimenn um 50 milljónir. Á vettvangi FAO hefur orðið mikil hugarfarsbreyting, en smábátaveiðar voru lítið á dagskrá FAO þar til fyrir stuttu. Ástæðan er sú að farið er að líta á smábátaútgerð sem lausn en ekki vandamál.

Til þess liggja öll rök. Smábátasjómenn eru í grunninn verndarar hafsins en ekki eyðendur. Eðli þeirrar sjómennsku er virðing fyrir náttúrunni, vilji til að nýta og njóta, en ekki nýta og brjóta.

Arthur Bogason
ritstjóri

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



Hvalur hf



VIGNIR G. JÓNSSON HF



samskip

Fiskmarkaður
Patreksfjarðar ehf



VM Félag vélstjóra
og máltækimanna
máltækimanna



Fjallabyggð



Brimfaxi



Hafnarfjarðarhöfn
Sjómennskúli / Vörðunarskip

Brimfaxi sendir félagsmönnum Landssambands smábátæigenda sem og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



FENGSÆLAR ÁKVARÐANIR BYGGJA Á SÉRÞEKkingu

Við tókum ákvörðun:

**Að veita bestu bankaþjónustu
á Íslandi** svo þú eigir auðveldara
með að taka þínar ákvarðanir

Réttar ákvarðanir eru lykillinn að góðum árangri fyrirtækja. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í þær ákvarðanir sem þú stendur frammi fyrir í rekstrinum og þótt við þekkjum viðfangsefnið ekki jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu af þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við veitt fyrirtækjum í þessari undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar bankaþjónustu sem styður reksturinn.

Þekking sprettur af áhuga.

Ólafur Hrafn Ólafsson er viðskiptastjóri
í sjávarútvegsteymi Íslandsbanka

